FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
278. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 24. NÓVEMBER 2016



Katrín Jakobsdóttir var augljóslega afar vonsvikin þegar hún ræddi við fjölmiðla í þinghúsinu í gær eftir að hafa slitið stjórnarmyndunarviðræðum fimm flokka. Hún hyggst ræða um framhaldið við Guðna Th. Jóhannesson forseta í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stefnir í stjórnarkreppu

**Upp úr stjórnarmyndunarviðræðum fimm flokka slitnaði í gær þegar ljóst var að ekki næðist saman um skattabreytingar. Formaður Vinstri grænna ræðir við forseta í dag. Ólíklegt að Björt framtíð slíti samstarfinu við Viðreisn.**

**STJÓRNMÁL** Hæpið er að Björt framtíð fari í ríkisstjórnarsamstarf án Viðreisnar, þrátt fyrir að tvennar stjórnarmyndunarviðræður þar sem flokkarnir hafa gengið samhliða, hafi runnið út í sandinn. Einörð afstaða Viðreisnar í sjávarútvegs-, og Evrópumálum annars vegar og skattamálum hinsvegar hefur komið í veg fyrir að til ríkisstjórnarsamstarfs hafi verið stofnað.

„Björt framtíð er auðvitað ekkert í hjónabandi með Viðreisn, en samstarfið við þau hefur verið gott og verið á málefnalegum grundvelli. Við erum tveir flokkar sem sameinast á miðjunni og út frá frjálslyndum viðhorfum. Við höfum gert þá rödd sterkari saman, og það er fyrst og fremst það sem okkur í Bjartri framtíð finnst mjög mikilvægt,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar.

Upp úr stjórnarmyndunarviðræðum fimm flokka undir stjórn Vinstri grænna slitnaði seinni partinn í gær þegar Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, tilkynnti Katrínu Jakobsdóttur, formanni VG, á tveggja manna fundi þeirra að hann hefði ekki sannfæringu fyrir samstarfinu. Ákvörðun Katrínar um að viðræðunum væri þar með sjálfhætt var tilkynnt á fundi formannanna fimm skömmu síðar.

> **Björt framtíð er auðvitað ekkert í hjónabandi með Viðreisn, en samstarfið við þau hefur verið gott og verið á málefnalegum grundvelli. Við erum tveir flokkar sem sameinast á miðjunni og út frá frjálslyndum viðhorfum.**
>
> Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.



Hugmyndir VG um aukinn fjármagnstekjuskatt, auðlegðarskatt og hátekjuskatt stóðu í Viðreisn en heimildir Fréttablaðsins herma að Björt framtíð hafi ekki gengið alveg í takt við Viðreisn þegar kom að því að slíta stjórnarmyndunarviðræðunum. Björt segir flokkinn tilbúinn í ríkisstjórnarsamstarf sem hafni forræðishyggju og hafi frjálslyndi og framsýni að leiðarljósi. „Hingað til hafa flokkarnir lengst til hægri og lengst til vinstri ekki staðsett sig þar.“

Katrín Jakobsdóttir kemur til með að ræða við forseta Íslands í dag um framhaldið og hvort henni beri að skila stjórnarmyndunarumboðinu. Heimildir Fréttablaðsins herma að fyrst verði gerð tilraun til að ræða við Framsóknarflokkinn. – snæ/ sjá síðu 4

## Lögmenn hafna hælisleitendum

**SAMFÉLAG** Lögmenn hafa einn af öðrum dregið sig út úr þjónustu við hælisleitendur vegna þess að þeim reynist ómögulegt að greiða lögmönnum fyrir þjónustu þeirra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er aðeins einn lögmaður eftir sem er tilbúinn að taka að sér hælismálin gegn mjög lítilli eða engri þóknun. Aðrir lögmenn vísa málunum frá sér enda ekki tilbúnir til að gefa vinnu sína. – snæ / sjá síðu 8

## Fær ekki frið fyrir fjölmiðlum

**LÍFIÐ** Bloggfærsla Hönnu Rúnar Óladóttur um bágan aðbúnað á rússnesku sjúkrahúsi vakti gríðarlega athygli í landinu. „Ég eyddi færslunni því þetta var orðið þannig að ég fékk ekki frið fyrir rússnesku fjölmiðlafólki. Það var endalaust verið að hringja og biðja mig um viðtal.“ Hún og Nikita Bazev, eiginmaður hennar, eru að flytja á ný til Íslands. – bbh / sjá síðu 54



## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Skimanir geta skaðað heilsu. 28

**SPORT** Þessi tíðindi komu mér á óvart, segir formaður KSÍ. 30

**MENNING** Heimurinn í Íslandi og Ísland í heiminum á Þjóðminjasafninu. 38-44

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2016**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Vaxandi sunnan- og suðvestan átt um morguninn með rigningu, 10-18 m/s um hádegi og talsverð rigning, en úrkomuminna norðaustan- og austanlands. Suðvestan 15-23 á annesjum norðan- og austanlands seint í dag. SJÁ SÍÐU 36



**Anna H. Pétursdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reyjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Yfir 500 sótt um jólaúthlutun

**SAMFÉLAG** „Það hafa yfir 500 umsóknir borist um jólaúthlutun,“ segir Anna H. Pétursdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. Jólaúthlutunin fer fram þann 19. desember á Bíldshöfða.

„Skráningin í ár fór mjög hægt af stað hjá okkur. Í þessari viku fengum við svo 300 umsóknir en þær berast flestar á síðustu umsóknardögunum,“ segir Anna. Hægt er að sækja um jólaúthlutun í tvö skipti í viðbót, mánudagana 28. nóvember og 5. desember. Til að hægt sé að sækja um jólaúthlutun þurfa umsækjendur að mæta í húsnæði Mæðrastyrksnefndar í Hátúni og hafa meðferðis skattframtal.

„Það eru færri fjölskyldur að koma til okkar núna en í fyrra sem betur fer. Einstaklingum hefur þó ekki fækkað og hælisleitendum og flóttamönnum hefur fjölgað. „Það hefur flækt stöðuna hjá okkur enda eru þeir margir ekki með skattframtöl en við reynum að hjálpa öllum sem við getum,“ segir Anna.

Í jólaúthlutun felst hefðbundinn jólamatur, yfirleitt hamborgarhryggur og allt sem honum fylgir, ásamt drykkjum og ís. „Foreldrar geta svo komið á sérstakan jólagjafadag og fengið jólagjafir fyrir börnin sín þann 20. desember,“ segir Anna.

Í fyrra sóttu um 1.600 heimili um jólaúthlutun en Anna telur að færri heimili sæki um í ár. – þh

## Einn á vakt



**Landamæravörður frá Bangladess vaktar strönd landsins til þess að fyrirbyggja komu Rohingya-flóttafólks frá Mjanmar. Yfirvöld í Bangladess reyna nú að setja þrýsting á yfirvöld í Mjanmar þess efnis að koma í veg fyrir flutninga Rohingya-fólksins. Lögregla í Bangladess handtók í gær tugi flóttafólks, börn þeirra á meðal, og sagðist ætla að flytja fólkið aftur til Mjanmar. Þar sætir Rohingya-fólk ofsóknum.** NORDICPHOTOS/AFP



**Guðni og Eliza eru á leið til Danmerkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Forsetahjónin til Danmerkur

**STJÓRNMÁL** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Eliza Reid forsetafrú hafa þegið boð Margrétar annarrar Danadrottningar um að koma í opinbera heimsókn til Danmerkur.

Gert er ráð fyrir því að forsetahjónin komi til Danmerkur þann 24. janúar næstkomandi. Áratugalöng hefð er fyrir því að forsetar Íslands fari í sína fyrstu opinberu heimsókn til Danmerkur. Það hafa allir forsetar gert frá því Ásgeir Ásgeirsson hélt til Danmerkur og heimsótti Friðrik níunda árið 1954. – þea




# Fannst erfiðara að læra íslensku en lögfræði

Claudie Ashonie Wilson lauk laganámi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2014 og verður nú fyrsti innflytjandinn frá landi utan Evrópu til að hljóta héraðsdómslögmannsréttindi á Íslandi. Hún sérhæfir sig í mannréttindamálum.

**SAMFÉLAG** Claudie Ashonie Wilson stóðst á dögunum prófraun til að hljóta héraðsdómslögmannsréttindi á Íslandi. Hún verður fyrsti innflytjandinn utan Evrópu sem hlýtur þessi réttindi hér á landi.

Claudie er upprunalega frá Jamaíku og starfaði þar áður en hún flutti til Íslands, meðal annars hjá Hagstofu og hjá Bell's Consulting Agency. „Ég ákvað fyrir löngu síðan að verða lögfræðingur en ég gerði mér kannski ekki grein fyrir því þá að ég þyrfti að læra íslensku fyrst,“ segir Claudie. „Ég myndi segja að það hafi verið erfiðara að læra íslensku en lögfræði,“ segir hún og hlær.

Claudie er 33 ára gömul, flutti til Íslands fyrir fimmtán árum síðan og á ellefu ára einеggja tvíburastráka. Claudie var við nám í Fjölbrautaskóla Suðurlands og hélt þaðan í lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þegar hún lauk laganáminu var hún ein af fáum innflytjendum og sá fyrsti utan Evrópu sem hafði farið í gegnum íslenskt laganám og lokið háskólaprófi í því.

„Ég lauk laganámi í Háskólanum í Reykjavík árið 2014. Ég bætti svo við mig með því að fara í Odysseus Academic Network Sumarskólann í Université libre de Bruxelles. Þar náði ég meiri sérhæfingu í flóttamannarétti; í evrópskum flóttamannarétti og útlendingarétti,“ segir Claudie.

Hún starfar hjá lögmannsstofunni Rétti á Klapparstíg. „Ég byrjaði í starfsnámi árið 2013 hjá Rétti og fékk fulla stöðu árið 2014 og hef verið hér síðan. Ég er aðallega í mannréttindamálum, innflytjendamálum og flóttamannamálum, svo er ég að skoða regluverk og annað,“ segir Claudie. „Nú á dögunum náði ég svo í lögmannsréttindin en partur af því var að standast prófraunir í héraðsdómi.“



**Claudie hefur búið á Íslandi síðastliðin fimmtán ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég ákvað fyrir löngu síðan að verða lögfræðingur en ég gerði mér kannski ekki grein fyrir því þá að ég þyrfti að læra íslensku fyrst.
>
> Claudia Ashonie Wilson héraðsdómslögmaður

Claudie hefur verið virk í félagsmálum á Íslandi. Hún var meðal annars varaformaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna og var í fagráðsnefnd Rauða kross Íslands vegna Mentor verkefnisins árið 2013.

Dæmi eru um að Evrópubúar sem hafa sest að á Íslandi hafi náð sér í lögmannsréttindi hér á landi. Davor Purusic sem fæddist í Bosníu er einn þeirra en hann skrifaði skoðunargrein í Fréttablaðið fyrir nokkrum árum um það. saeunn@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# AÐVENTUHÁTÍÐ

## ALLAR SERÍUR OG JÓLALJÓS

# 25-40% afsláttur

Verðdæmi
**Samtengjanlegar 100 ljósa LED útiseríur**
Margir litir
**3.900kr**
~~5.990kr~~
14500294-297




35% afsláttur

**OPIÐ TIL 21:00 SKÚTUVOGI fimmtudag - sunnudags**



**25% afsláttur** af gervijólatrjám



**25% afsláttur** jólasveinar og jólastyttur



49% afsláttur
**JÓLASTJARNA**
stór og flott
**999kr**
~~1.990kr~~



40% afsláttur
**1.190kr**
~~1.990kr~~
Aðventuljós
7 ljósa.
14500400-403



KAFFI GARÐUR

**Jólahlaðborð Skútuvogi**
virka daga 17:00-20:00
Helgar 13:00-20:00

Aðeins **1.980kr**

Börn 10 ára og yngri **500kr**



**Frá Höfn í Hornafirði** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Vilja nýjan leikskóla

**HORNAFJÖRÐUR** Íbúar Hafnar í Hornafirði og starfsmenn leikskólans Lönguhóla í sveitarfélaginu mótmæla fyrirhuguðum endurbótum á húsnæði leikskólans. Var bæjarstjórn afhentur undirskriftalisti á fundi bæjarráðs í vikunni þar sem hvatt er til þess að nýr leikskóli verði byggður nær grunnskólanum og íþróttasvæði bæjarfélagsins.

Leikskólinn Lönguhólar er í grónu íbúðahverfi og er að mati mótmælenda talið eðlilegt að byggja nýjan leikskóla og tengja leikskólann betur við stoðstofnanir í bænum. Einnig sé mikilvægt að koma leikskólanum út úr íbúðahverfinu í bænum.

Bæjarráð Hornafjarðar hefur ákveðið að halda fund með starfsfólki leikskóla og í framhaldi af honum verður fundur með öðrum íbúum. – **sa**

## Sakar meirihlutann um sýndarmennsku

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúi Framsóknarflokks í bæjarráði Grindavíkur sakar meirihlutann um sýndarmennsku í ráðningarferli nýs bæjarstjóra.

„Með ástæðulausri uppsögn núverandi bæjarstjóra sem getur kostað bæjarfélagið allt að 18 milljónum króna hlýtur meirihluti bæjarstjórnar að hafa ákveðinn aðila í huga,“ bókaði fulltrúi Framsóknarflokksins.

Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Lista Grindvíkinga sögðust harma að gefið væri í skyn að þegar sé búið að ráðstafa stöðunni. „Þær ásakanir eiga ekki við nein rök að styðjast og eru hreinn rógburður,“ bókuðu meirihlutafulltrúarnir og lýstu furðu sinni á því að framsóknarfulltrúinn ætlaði „ekki að taka þátt í því faglega ráðningarferli sem fram undan er í stöðu bæjarstjóra.“ Semja á við Hagvang um að annast ráðningarferlið. – **gar**



**Róbert Ragnarsson** fráfarandi bæjarstjóri.

# Fleiri kennarar munu segja upp störfum

**KJARAMÁL** „Mér skilst að fleiri uppsagnir séu á döfinni, núna á föstudag,“ segir Ragnar Þór Pétursson, trúnaðarmaður kennara í Norðlingaskóla. Um það bil 70 kennarar hafa lagt inn uppsagnarbréf á síðustu dögum. Þar á meðal sögðu 30 kennarar upp störfum sínum í gær. Ragnar Þór er einn þeirra kennara sem sögðu upp í gær.

Samninganefndir Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa fundað hjá ríkissáttasemjara í um tíu daga. Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segist vera bjartsýnn á að samkomulag náist. „Við værum ekki að þessu nema við teldum að við gætum samið,“ segir Ólafur.

**70**

**grunnskólakennarar hafa sagt upp á síðustu dögum.**

„Ástæða þess að kennarar eru að segja upp í hrönnum núna er að menn ætla sér ekki að glíma við ástandið ef samningurinn verður felldur af kennurunum. Menn eru ekki tilbúnir í verkfallsátök, bæði vegna þess að þeir hafa enga trú á að það komi neitt út úr því og svo líka af þeirri ástæðu að þeir hafa einfaldlega ekki efni á því,“ segir Ragnar Þór.

Boðað hefur verið til fundar í dag hjá ríkissáttasemjara en fundum helgarinnar lauk án árangurs. Samið er í þriðja sinn en grunnskólakennarar hafa nú þegar hafnað tveimur kjarasamningum. – **þh**



**Ragnar Þór Pétursson kennari.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hugmyndir um hærri skatta stóðu í þingmönnum Viðreisnar

**Þingmaður Viðreisnar segir að hugmyndir Vinstri grænna um aukna skattheimtu standist ekki hugmyndir helstu skattasérfræðinga landsins. Formaður Vinstri grænna segir að aldrei hafi staðið til að framkvæma allar hugmyndirnar sem lagðar voru á borðið. VG horfir nú til Framsóknarflokksins.**

**STJÓRNMÁL** Hugmyndir Vinstri grænna um auðlegðarskatt, hátekjuskatt, hærri fjármagnstekjuskatt og hærra auðlindagjald stóðu í Viðreisn í stjórnarmyndunarviðræðunum sem runnu út í sandinn í gær. Á tveggja manna fundi Benedikts Jóhannessonar, formanns Viðreisnar, og Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna, sem haldinn var um miðjan dag í gær, tilkynnti hann henni að sannfæring hans fyrir þessu samstarfi væri engin.

Heimildir Fréttablaðsins herma að þingflokkur Vinstri grænna hafi óttast að þetta yrði niðurstaðan frá upphafi viðræðnanna. Fréttablaðið hafði enda greint frá því áður en formlegar stjórnarmyndunarviðræður flokkanna hófust að nokkrir þingmenn Vinstri grænna væru spenntari fyrir samstarfi við Framsóknarflokkinn. Sú afstaða hefur styrkst enn frekar í ljósi nýjustu tíðinda og líklegt er að flokkurinn muni reyna að sameina Framsókn inn í fimm flokka jöfnuna. Til þess að það gerist verður Björt framtíð þó að slíta sig frá Viðreisn og ákveða, ásamt Pírötum, að láta af útilokun flokksins gagnvart Framsókn.

Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, var fulltrúi flokksins í efnahagsmálahópi stjórnarmyndunarviðræðnanna. Hann segir að þar hafi ýmsar hugmyndir um aukna tekjuskattheimtu verið lagðar fram sem byggja ekki á hugmyndum helstu skattasérfræðinga landsins. „Það var ljóst að við værum flokkur sem höfum lagt á það áherslu að hvorki sé þörf né rétt á þessum tímapunkti hagsveiflu að stórauka ríkisútgjöld og hækka skatta þegar allir skattstofnar ríkisins eru í hámarks afrakstri. Það mætti spyrja sig hvort þetta útgjaldastig væri sjálfbært þegar skattbyrði hér er há í alþjóðlegum samanburði. Við töldum ekki hægt að vinna með þessar tillögur þó það væri hægt að ræða afmarkaðar breytingar.“



**Þorsteinn Víglundsson, nýkjörinn þingmaður Viðreisnar og fulltrúi flokksins í efnahagsmálahópnum, ræðir við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, samflokksmann sinn, í spennuþrungnu andrúmsloftinu sem ríkti á Alþingi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Við settum ýmsar hugmyndir á borðið en ætluðumst ekki til þess að þær væru allar framkvæmdar.**
>
> Katrín Jakobsdóttir



Eins og fram hefur komið samþykkti Alþingi samgönguáætlun og aukið fjármagn til almannatrygginga, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í ríkisfjármálaáætlun næstu fimm ára. Aðgerðirnar eru ófjármagnaðar og átti eftir að gera ráð fyrir þeim áður en ráðist yrði í útgjöldin sem lagt var upp með fyrir kosningar. Þorsteinn segir að verulega bratt hafi verið farið í þessa útgjaldaaukningu. Í stjórnarmyndunarviðræðunum hafi einfaldlega verið talað um að eyða of miklum peningum ofan á þessa upphæð. Það yrði ekki fjármagnað öðru vísi en með skattahækkunum, að mati Þorsteins.

Þorsteinn segir að hátekjuskattinn hafi þó ekki verið það sem steytti helst á. „Við erum í raun með þrjú þrep þó það sé verið að fækka þeim í tvö. Skattprósentan í efra þrepi er 46 prósent og það má spyrja sig hversu hátt menn ætla. Sú skattprósenta var ákveðin af ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar en nú vilja menn ganga enn lengra.“

Miklu frekar hafi hugmyndir um auðlegðarskatt staðið í Viðreisnarfólki.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, varð fyrir gífurlegum vonbrigðum með viðræðuslitin í gær. „Allir þessir flokkar hafa talað fyrir því að bæta verulega í heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Við settum ýmsar hugmyndir á borðið en ætluðumst ekki til þess að þær væru allar framkvæmdar, að sjálfsögðu ekki.“

**snaeros@frettabladid.is**





Lækkað verð í nóvember
– með kaupauka
FIESTA
KAUPAUKI
Ný vetrardekk frá Nokian komin undir og sumardekkin í skottið.
Verðmæti kaupauka:
121.000 kr.
FORD FIESTA
ER VINSÆLASTI SMÁBÍLLINN
Fiesta er geysivinsæll á Íslandi, vinsælasti smábíllinn í Evrópu og býðst nú á lækkuðu vetrarverði með kaupauka. Fiesta er margverðlaunaður, sparneytinn og fáanlegur með magnaðri vél sem valin hefur verið „International Engine Of The Year“ þrjú ár í röð. Enginn gerir betur.
Staðalbúnaður er ríkulegur, hann fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP og auðvitað er Fiesta sítengdur með Bluetooth. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Fiesta.
TILBOÐ
FULLT VERÐ: FORD FIESTA TREND
FRÁ 2.290.000 KR.
VETRARVERÐ OG KAUPAUKI
TIL 26. NÓVEMBER
FRÁ 2.190.000 KR.
Ford
Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta
- komdu núna og tryggðu þér Fiesta á vetrarverði með kaupauka
ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

## Lengja varðhald meints ræningja

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur karlmaður sem grunaður er um að hafa rænt fjögur apótek undanfarna tvo mánuði mun áfram sæta gæsluvarðhaldi. Um þetta úrskurðaði Héraðsdómur Reykjaness í gær, en maðurinn skal sæta varðhaldi fram til þrítugasta nóvember. Varðhaldi átti að ljúka í gær.

Ránin á maðurinn að hafa framið á Suðurnesjum, í Ólafsvík, Reykjavík og í Kópavogi.

Greint er frá því á mbl.is að fyrsta ránið hafi átt sér stað í bílaapótekinu í Kópavogi þann 26. september. Hafi þá maður með hulið andlit komið inn og ógnað starfsfólki með hníf að vopni. Hin ránin þrjú voru hins vegar öll framin í nóvembermánuði. – **þea**

## Færri búa við bág kjör

**SVÍÞJÓÐ** Svíþjóð er það land innan Evrópusambandsins þar sem fæstir segjast eiga mjög erfitt með að ná endum saman. Erfiðustu aðstæðurnar eru hjá einstæðum með börn í öllum aðildarríkjunum.

Aðeins tvö prósent þeirra 12 þúsunda Svía sem spurðir voru af sænsku hagstofunni segjast eiga mjög erfitt með að ná endum saman og hefur þeim fækkað nokkuð frá 2008.

Hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins er meðaltal þeirra sem búa við mjög bág kjör 10 prósent. Þeim fer fækkandi í átta löndum, þar á meðal Póllandi, Ítalíu og Möltu. Í hinum aðildarríkjunum fjölgar þeim hins vegar. – **ibs**

## Rústir einar



**Reykur rís upp úr húsarústum í sýrlensku borginni Daraa í samnefndu héraði landsins eftir loftárás hers ríkisstjórnar forsetans Bashars al-Assad. Uppreisnarmenn stýra nú stærstum hluta Daraa-héraðs en höfuðborgin sjálf er á valdi Assads. Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur nú staðið yfir í nærri sex ár og hafa að minnsta kosti fjögur hundruð þúsund manns látið lífið og milljónir flúið land.** NORDICPHOTOS/AFP




**Brynja Björk Harðardóttir** tannlæknir hefur hafið störf á ný á tannlæknastofunni Tannbjörgu eftir að hafa búið og starfað í Stokkhólmi í 11 ár.

Allir nýir og gamlir kúnnar velkomnir, börn og fullorðnir.

TANNBJÖRG TANNLÆKNINGAR

Hlíðasmári 14 | 201 Kópavogi | www.tannbjorg.is | Sími 564 2425





# Þrjár milljónir ADHD skammta seldar í fyrra

**Notkun Ritalins og Concerta jókst mikið á tíu árum. SÁÁ merkir fjölgun fíkla er leita í efnin. Íslendingar líklegast heimsmeistarar í notkun efnanna. Kostnaður SÍ nam nærri 600 milljónum króna í fyrra. Hluti lyfjanna fer á svartan markað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Notkun Íslendinga á metýlfenídatlyfjum hefur þrefaldast á síðustu tíu árum. Kostnaður Sjúkratrygginga vegna metýlfenídatlyfja nam nærri sex hundruð milljónum króna í fyrra. Ekkert lát er á komu fíkla til SÁÁ þar sem lyf af þessu tagi eru fyrsta val sprautufíkla sem leita í örvandi efni.

Ritalin og Concerta eru langalgengustu metýlfenídatlyf á Íslandi, notuð fyrir ADHD-sjúklinga en einnig misnotuð af fíklum.

Halldór Gunnar Haraldsson, verkefnastjóri fjárhagsáætlana hjá Sjúkratryggingum Íslands, segir enga þjóð í heiminum nota metýlfenídatlyf í sama magni og Íslendingar. Árið 2006 greiddu Sjúkratryggingar Íslands með um 900 þúsund skömmtum á ári en í fyrra var sú tala komin upp í 2,9 milljónir skammta. Langstærsti hópurinn sem notar lyfin í dag er á aldrinum 20 til 39 ára.

„Það er vitað að hluti efnanna fer á svartan markað, bæði til sprautufíkla sem leita í örvandi efni en einnig höfum við heyrt af háskólafólki sem notar örvandi lyfið til að vaka yfir nótt fyrir próf og þess háttar. Það er hins vegar eðli málsins samkvæmt að við vitum lítið um það þar sem þetta er svörtum markaði,“ segir Halldór Gunnar.

SÁÁ kannaði ítarlega notkun metýlfenídatlyfja árin 2010, 2012 og 2015 og sýna niðurstöður þeirra að ekkert lát er á komu sprautufíkla í meðferð sem velja þennan lyfjaflokk fyrst til að sprauta sig með. Því er ljóst að með hluta af þeim 600 milljónum sem varið er í lyfjaflokkinn frá SÍ er braskað á svörtum markaði og endar hann hjá sprautufíklum. Einnig getur verið að sprautufíklar séu sjálfir áskrifendur að lyfjunum.

Til skýringar byggir greining ADHD á huglægu mati viðkomandi læknis, líkt og með aðrar geðraskanir. Læknir þarf að sækja um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga Íslands og þar sem greining er oft býsna matskennd hefur starfsfólk Sjúkratrygginga takmarkaðar forsendur til að synja umsókn um lyfjaskírteini vegna metýlfenídatlyfja.

**sveinn@frettabladid.is**




**Nærri þrjár milljónir dagskammta af Ritalini og Concerta fóru til Íslendinga í fyrra.**




HONDA
The Power of Dreams
BETRI AFKÖST
SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V
Hvort sem þú vilt öryggi, sparneytni og lipurð í borgarsnúningana eða þægindi, rými og útsýni í skoðunarferðina þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjeppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims í tæp 10 ár í röð.
CR-V - ENDALAUST BETRI
Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# Margir lögmenn veigra sér við að verja hælisleitendur

**Einn lögmaður tekur að sér nærri öll mál hælisleitenda sem synjað hefur verið um hæli. Innanríkisráðuneytið hefur ekki svarað kvörtunum Rauða krossins vegna þess hve illa gengur að fá gjafsókn fyrir hópinn.**

**SAMFÉLAG** Lögmenn hafa einn af öðrum dregið sig úr þjónustu við hælisleitendur vegna þess að þeim reynist ómögulegt að greiða lögmönnum fyrir þjónustu þeirra. Gjafsóknarnefnd hafnar ítrekað hælisleitendum um gjafsókn en Rauði kross Íslands og Lögmannafélag Íslands hafa kvartað yfir því við innanríkisráðuneytið án þess að breyting verði á. Formlegum bréfum Rauða krossins til ráðuneytisins hefur ekki verið svarað.

Rauði kross Íslands fer með mál hælisleitenda fram að ákvörðun í máli þeirra. Fari svo að umsókn um hæli sé synjað geta hælisleitendur óskað eftir því að fara með málið fyrir dómstóla til að freista þess að úrskurðinum verði snúið við. Á því stigi málsins njóta hælisleitendur ekki lengur þjónustu Rauða krossins heldur þurfa þjónustu lögmanns. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er aðeins einn lögmaður eftir sem er tilbúinn að taka að sér hælismálin gegn mjög litlli eða engri þóknun. Aðrir lögmenn vísa málunum frá sér enda ekki tilbúnir að gefa vinnu sína. Starfsmenn Rauða krossins segja að í raun sé nú orðið ómögulegt að fá gjafsókn fyrir hælisleitendur og þegar umsóknum um hæli sé hafnað þurfi að útskýra þá stöðu fyrir fólki áður en það tekur ákvörðun um að fara lengra með málið.



Björn Teitsson upplýsingafulltrúi Rauða krossins.



Reimar Pétursson, formaður LMFÍ.

„Vegna þess að gjafsókn er yfirleitt synjað þá hafa hælisleitendur mjög takmarkaða möguleika á að fá lögfræðing nema lögfræðingar taki málin pro bono [án þóknunar] eða semji um annað," segir Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða krossins.

Reimar Pétursson, formaður Lögmannafélags Íslands, segir að þar á bæ séu menn þeirrar skoðunar að of fáar gjafsóknir séu samþykktar og þegar gjafsóknir séu samþykktar séu greiðslurnar alls ekki fullnægjandi. Lögmannafélagið sé mjög ósátt við það hvernig málefnum hælisleitenda er fyrirkomið af hálfu innanríkisráðuneytisins.




Frá mótmælum No Borders fyrir utan innanríkisráðuneytið. Gjafsóknarnefnd starfar á vegum ráðuneytisins og tekur ákvörðun um það hvort hælisleitendur fái málskostnað greiddan eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er grundvallarregla að fólk á að njóta raunhæfra úrræða til að bera mál sín fyrir dóm. Hælisleitendur eru hópur sem hallar verulega á vegna þess að þetta er sjaldnast fólk sem hefur ráð á að leita sér lögmanns en hefur mikla hagsmuni af niðurstöðu þessara mála. Þarna er hópur sem manni þykir eðlilegt að í mörgum tilfellum fái kostnað greiddan úr ríkissjóði til að njóta raunhæfra réttarúrræða."

Hann þekkir dæmi þess að lögmenn hafi hætt þjónustu við hælisleitendur. „Þetta er það sem gerist. Það eru dæmi um að menn sem hafa unnið að þessum málaflokki í mjög langan tíma og náð miklum árangri treysti sér ekki til þess af tilliti til sinnar eigin velferðar. Það er þannig að sjálfstæðir lögmenn þurfa líka að hafa í sig og á."

snaeros@frettabladid.is



Björg Valgeirsdóttir lögmaður. MYND/DIKA LÖGMENN

## Átta ákærðir fyrir hatursfulla orðræðu á netinu

**DÓMSMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært átta aðila fyrir hatursorðræðu. Samtökin 78 kærðu viðkomandi aðila í apríl árið 2015.

Pétur Gunnlaugsson, útvarpsmaður á Útvarpi Sögu, er einn hinna ákærðu og sagðist bálreiður í útvarpinu í gær. „Ég skal alveg viðurkenna það að einhver lögreglustjóri hér skuli saka mig um þetta," sagði Pétur í símatíma á Útvarpi Sögu.

Björg Valgeirsdóttir, lögmaður Samtakanna 78, staðfestir að ákærurnar hafi verið gefnar út. „Það er búið að gefa út ákæru af hálfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Kærandi í því máli eru Samtökin 78," segir hún.

Lögregla vísaði kærum Samtakanna 78 upphaflega frá án rannsóknar. Sú ákvörðun var kærð og sendi ríkissaksóknari málið til baka til lögreglu. Þá var málið rannsakað og nú hafa ákærur verið gefnar út.

Ummælin sem fyrir er ákært voru látin falla í umræðu um hinsegin fræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar. **– þea**



# Takk fyrir að koma þeim heim

**Við brosum hringinn yfir aðstoð ykkar við að koma grænu kössunum heim. Fyrir vikið reynist það margfalt léttara verk að koma fersku grænmeti til ykkar alla daga.**

Kassinn er í eigu íslenskra garðyrkjubænda og misnotkun á honum varðar við lög

10 milljónir einnota kassa hafa sparast á undanförnum árum með skilvirkri endurnotkun á grænu kössunum

Sérstaklega framleiddur til að bera grænmeti á milli staða




Kassinn er umhverfisvænn og úr sterku endurvinnanlegu plasti svo hægt sé að nota hann aftur og aftur

Hver kassi er einstaklega vel nýttur en alls fara um 800.000 kassar í umhverfisvænan þvott og sótthreinsun á hverju ári

**Ef þú sérð þennan græna kassa komdu honum þá í hendur dreifingaraðila eða hafðu beint samband við Sölufélag garðyrkjumanna í síma 570 8900.**

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 81684 09/16

## TÆKNI

# Margfalt hraðara net handan við hornið

**Breska ríkið setur 98 milljarða í þróun næstu kynslóðar farsímanets. Stefnt er að því að 5G internet verði margfalt hraðara en 4G. Slíkur hraði gæti gjörbylt allri snjallsímanotkun. Mögulegt yrði að hala niður kvikmyndum í bestu mögulegu gæðum á innan við mínútu.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Breska ríkisstjórnin tilkynnti í gær áform sín um að verja 700 milljónum punda, nærri hundrað milljarða ísl. króna, í prufur og þróun á næstu kynslóð farsímanets er kallast 5G. Með fjárfestingunni búast Bretar við því að verða leiðandi afl í notkun 5G farsímanets.

Líkt og heitið gefur til kynna verður 5G fimmta kynslóð (e. fifth generation) internets fyrir farsíma og er búist við því að slík nettenging verði margfalt hraðari en þær 4G tengingar sem nú eru hvað algengastar.

### Hraðara að öllu leyti

Samkvæmt upplýsingum tæknifréttasíðunnar Wired er líklegt að meðalhraði 5G nettengingar verði að minnsta kosti um hundrað megabitar á sekúndu þótt hámarkið sé mun hærra. Qualcomm heldur því fram að hámarkshraði verði um fimm gígabitar á sekúndu.

Til samanburðar segir á vefsíðu Símans að raunverulegur hraði sem náist yfir 4G kerfi Símans sé um tuttugu til fjörutíu megabitar á sekúndu við góð skilyrði.

Samkvæmt þessum tölum ætti að vera hægt að hala niður kvikmyndum í háskerpu á innan við mínútu, eða streyma myndefni í bestu mögulegum gæðum, með 5G farsímaneti.

### Langt í land

Á meðal fyrirtækja sem nú keppast við að prufukeyra 5G farsímanet eru Nokia, AT&T og Verizon. Nokia hefur uppfært alla sína senda í nettengingu sem kallast 4,5G Pro og er mun hraðara en 4G. Á sama tíma hafa AT&T og Verizon í Bandaríkjunum áformað afmarkaðar prufur á 5G sem eiga að hefjast á næsta ári.

Þó er ekki búist við því að almenningur notist við 5G nettengingar á næstunni. Almenn dreifing slíks nets er ekki að vænta fyrr en á næsta áratug. Tækniráðgjafarfyrirtækið Ovum býst til að mynda ekki við nema 24 milljónum notenda á heimsvísu árið 2021. Þar af yrðu færri en tíu prósent tenginga í Evrópu.

Ekki er heldur búið að koma staðli slíkrar tengingar niður á blað og því eru tölur um mögulegan hraða á reiki. Búist er við því að sá staðall verði kominn á hreint árið 2018.

### Gæti valdið byltingu

Líkt og 4G farsímanettenging mun 5G vafalaust hafa mikil áhrif á netnotkun, bæði af hálfu hins almenna neytanda og af hálfu forritara og framleiðenda. Með 4G tengingu varð auðveldara fyrir neytendur að streyma myndefni í háskerpu í gegnum efnisveitur á borð við YouTube, Stöð 2 Maraþon og Netflix sem og að hala niður snjallforrit hraðar en áður var hægt.

Með 5G tengingu mun þessi þróun eflaust halda áfram. Hægt verður að streyma efni í enn meiri gæðum sem og að hala niður stærri forrit á meiri hraða.

Einnig verður hægt að nýta aukinn hraða til þess að auka möguleika nýrrar sýndarveruleikatækni. Hægt yrði að horfa á myndir eða spila tölvuleiki með sýndarveruleikagleraugum á farsímaneti án þess að hraði tengingarinnar trufli.

Aðrir óljósari þættir munu líka koma til með að breytast með tilkomu 5G. Samkvæmt fréttasíðunni 5G.co.uk er búist við því að hin nýja kynslóð muni hafa stórfelld áhrif á hið svokallaða internet hlutanna, það er að segja ísskápa, prentara, skanna, ljós, hátalara og önnur tæki sem farin eru að tengjast netinu.

Árið 2020 er talið að á milli fimmtíu og hundrað milljarðar slíkra tækja muni verða nettengd. Mörg þeirra munu þurfa stanslausan netaðgang og þar mun 5G tækni hjálpa. Sömu sögu er að segja af sjálfkeyrandi bílum.




**Snjallsímar með prufuútgáfu 5G farsímanettengingar voru til sýnis á farsímasýningu í Barcelona í febrúar.** NORDICPHOTOS/AFP

**5**
gígabitar á sekúndu er talinn verða hámarkshraði 5G tenginga.

**100**
megabitar á sekúndu verður meðalhraði 5G tenginga.

**20-40**
megabitar á sekúndu er meðalhraði 4G tenginga.




Citan.
Sterkbyggður
starfskraftur.

**Citan farþega- og sendibílar eru fjölhæfir, sparneytnir og sterkbyggðir starfskraftar sem fást í ótal útfærslum.** Vetrardekk fylgja öllum Citan til áramóta, ásamt rúðusköfu, húfu og trefli. Komdu í atvinnubíladeild Öskju og kynntu þér þennan vandaða dugnaðarfork.

Citan, millilangur sendibíll

Verð frá 2.500.000 kr. án vsk.

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi


DEBENHAMS
BLACK FRIDAY
OPNUM KL 8:00 Í DAG
GERÐU GÓÐ KAUP
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI, FYLGIHLUTUM & GJAFAVÖRUM*
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM**
*Gildir út sunnudaginn 27. nóvember
**Snyrtivörurtilboðið gildir bara í dag og á morgun, fimmtudaginn 24. og föstudaginn 25. nóvember
Finndu okkur á facebook
OPIÐ Í DAG 8:00 - 21:00
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Endurtalning í þremur ríkjum gæti fellt Trump

**BANDARÍKIN ALLS**
**538 kjörmenn**
**(270 þarf til sigurs)**

**CLINTON: 64.223.958**
(48,1%) 232 kjörmenn

**TRUMP: 62.206.395**
(46,6%) 306 kjörmenn
*Talningu er þó enn ekki lokið í Michigan*

**MISMUNUR: 2.017.563 atkv.**

*Skv. samantekt frá David Wasserman á The Cook Political Report (cookpolitical.com)*




Kröfur um endurtalningu í þremur lykilríkjum, Michigan, Pennsylvaníu og Wisconsin, eru farnar að verða háværari. Clinton tapaði í öllum þessum þremur ríkjum, en fyrirfram var hún talin eiga nokkuð öruggan sigur í þeim öllum.

Færi svo að endurtalning sneri úrslitunum við í þeim öllum, þá fengi Trump 260 kjörmenn í stað 306, og hefði þar með tapað kosningunum því 270 kjörmenn þarf til sigurs.

Að minnsta kosti tveir hópar einstaklinga hafa verið að taka saman skýrslu og skora á Clinton að krefjast endurtalningar vegna gruns um að átt hafi verið við rafrænar kosningar í þessum þremur ríkjum.

Tugir sérfræðinga í netöryggi, landvörnum og kosningum segjast hafa áhyggjur af því að erlendir tölvuþrjótar hafi brotist inn í kosningakerfin, og einkum beinist grunur þeirra að Rússlandi.

Tölfræðingurinn Nate Silver, sem heldur úti kosningavefnum fivethirtyeight.com, segir þó litlar líkur á að átt hafi verið við úrslitin. Það forskot sem Trump hefur á þeim svæðum, sem grunurinn beinist helst að, skýrist algerlega þegar kjósendahópurinn á þeim svæðum er skoðaður með tilliti til kynþáttar og menntunar.

# Vill ekkert við nýnasistana kannast

**Donald Trump segist afneita „hinu hægrinu“, hreyfingu hægri þjóðernissinna sem fagnað hafa kjöri hans. Hins vegar segir hann ekkert athugavert við að hafa gert Steve Bannon að helsta ráðgjafa sínum. Svo heldur hann áfram að kvarta undan umfjöllun fjölmiðla.**

**BANDARÍKIN** „Ég afneita þessum hópi fólks,“ segir Donald Trump um hóp bandarískra nýnasista, alt-right-hreyfinguna eða „hitt hægrið“ svonefnda, sem hefur fagnað sigri hans í forsetakosningunum með nasistakveðjum og grímulausum yfirlýsingum um yfirburði hvítra manna gagnvart öðru fólki.

Þetta sagði hann í ítarlegu viðtali við dagblaðið The New York Times, þar sem hann var spurður hvort hann hafi hvatt þennan hóp til dáða með málflutningi sínum í kosningabaráttunni.

„Ég vil ekki ýta undir þennan hóp, og ef ég gerði það þá vil ég skoða málið og komast að því hvers vegna það var,“ sagði hinn nýkjörni forseti Bandaríkjanna.

Hins vegar sagðist Trump ekki sjá neitt athugavert við að hafa gert Steve Bannon að helsta ráðgjafa sínum.

Bannon er fyrrverandi stjórnandi Breitbart-fréttasíðunnar, sem hefur verið einn helsti vettvangur alt-right-hreyfingarinnar í Bandaríkjunum. Bannon hefur fyrir vikið verið í hávegum hafður meðal liðsmanna „hins hægrisins“. Og hann hefur sjálfur verið sakaður um að aðhyllast hugmyndir þessarar hreyfingar, þar á meðal kynþáttahatur hennar, en Trump vildi alls ekki kannast við það.

„Ég hef þekkt Steve Bannon lengi. Ef ég héldi að hann væri rasisti, eða alt-right-maður,“ sagði Trump, „þá hefði mér ekki dottið í hug að ráða hann.“

„Og ef ég héldi að skoðanir hans væru í þessum flokki, þá myndi ég strax láta hann fara,“ bætti Trump við.

Í sama viðtali staðfesti hann að hann ætli sér ekki að gera neitt úr hótunum sínum um að draga Hillary Clinton fyrir dómara.

„Ég vil ekki valda Clinton-hjónunum tjóni. Í alvöru. Hún hefur mátt þola margt,“ sagði hann. „Kosningabaráttan var illskeytt.“

Breitbart-fréttavefurinn hefur til þessa staðið nokkuð þétt við bakið á Trump, en sló því upp að nú hafi hann svikið þetta kosningaloforð sitt um að lögsækja Clinton.

Í viðtalinu við The New York Times ítrekar Trump síðan kvartanir sínar undan fjölmiðlum, þar á meðal New York Times, sem hann sagði hafa fjallað um sig með afar neikvæðum hætti.

„Ég myndi segja að The New York Times hafi verið verst af þeim öllum,“ sagði hann, en tók jafnframt fram að hann bæri mikla virðingu fyrir blaðinu. Hins vegar vildi hann gjarnan geta knúið fram breytta afstöðu hjá því: „Ég held að það myndi létta mér störfin mikið.“

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Fjöldi fólks fylgdist með þegar Donald Trump yfirgaf skrifstofur dagblaðsins The New York Times að loknu viðtali á þriðjudaginn.** NORDICPHOTOS/AFP

## Borgarstjóri New York býst til varnar



**Bill de Blasio,** *borgarstjóri í New York*, segist ætla að fara í mál við alríkisstjórn Donalds Trump verði þess krafist að allir múslimar láti skrá sig sérstaklega, eins og Trump hefur boðað.

„Við munum beita öllum þeim ráðum sem við höfum til að verja fólkið okkar,“ sagði de Blasio í ræðu, sem hann flutti á mánudag í sal Cooper Union skólans í New York.

Þar í sama sal flutti Abraham Lincoln fræga ræðu árið 1860 þar sem hann færði rök fyrir því að alríkið í Washington hafi vald til að skipta sér af þrælahaldi í einstökum ríkjum Bandaríkjanna.

Í ræðu sinni kom Blasio ekki einungis múslimum til varnar, heldur einnig innflytjendum og öðrum íbúum sem telja sér ógnað vegna kosningaloforða Trumps.

„Ef alríkisstjórnin vill að lögregluþjónarnir okkar slíti í sundur innflytjendafjölskyldur, þá munum við neita að verða við því,“ sagði hann. Meðal annars muni hann tryggja að konur fá nauðsynlega heilbrigðisþjónustu ætli stjórn Trumps að hætta að fjármagna kynferðis- og fjölskyldufræðslu.

„Ef gyðingar, eða múslimar eða félagar í LGBT-samfélaginu, eða hvaða samfélagshóp sem er, verða fyrir árásum eða eru hafðir að skotspæni, þá munum við finna árásármennina, handtaka þá og lögsækja,“ sagði de Blasio enn fremur.


Jól2016

Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út.
Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.
Sjá nánar á sminor.is.



Cactus
Hangandi ljós
65540-01
Jólaverð:
9.500 kr.
Fullt verð: 13.900 kr.



SIEMENS
Uppþvottavélar
SN 45M508SK (stál)
SN 45M208SK (hvít)
13 manna. Fimm kerfi. Zeolith® tryggir mjög góða þurrkun.
Jólaverð (stál):
97.900 kr.
Fullt verð: 129.900 kr.
Jólaverð (hvít):
87.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.




SIEMENS
Þvottavél
WM 14N2S7DN
1400 sn./mín. Tekur mest 7 kg. Kolalaus mótor.
Jólaverð:
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



SIEMENS
Þurrkari
WT 45H207DN
Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A++.
Jólaverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




**BESTI PALLBÍLLINN**

Nissan Navara sigraði örugglega með langflest stig í pallbílaflokki í vali um bíl ársins 2017 samkvæmt fimm manna dómnefnd Bandalags íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) í haust.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 160 000 KM

**Nissan Navara 4WD 2,3 dísil**
**Verð frá 5.490.000 kr.**

**PALLBÍLL ÁRSINS 2017**
**INTERNATIONAL PICK-UP AWARDS**

**SPARAKSTURSKEPPNI FÍB 2016**
Sigurvegari í flokki pallbíla

**KRAFTMESTA DÍSILVÉLIN**
Í sínum flokki

**GORMAFJÖÐRUN AÐ AFTAN**
Staðalbúnaður

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# SVARTUR

## GILDIR FÖSTUDAGINN 25. NÓVEMBER




100 stk.

Verð áður 11.995

**6.995**

Hvor leikur

42% afsláttur

PHILIPS

SNJALLSJÓNVARP UHD



100 stk.

49"

ULTRA HD

50Hz skjár

Wi Fi

DC DUAL CORE

NETFLIX

Verð áður 119.995

**84.995**

eða 7.721 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 92.650 kr. - ÁHK 16%

Þú sparar 35 þúsund

49PUT6101




100 stk.

57% afsláttur

Verð áður 13.995

**5.995**

AÐEINS 1 STK. Á MANN AF HVERRI VÖRU

SAMSUNG

HLJÓÐSTÖNG



50 stk.

Þráðlaus bassahátalari

340W

HDMI

OPTICAL

AUX

Bluetooth

Verð áður 79.995

**49.995**

Þú sparar 30 þúsund

HWK560XE

Marshall

ÞRÁÐLAUS HÁTALARI

Bluetooth



50 stk.

39% afsláttur

Verð áður 37.495

**22.995**

ACTONBL

Canon

FJÖLNOTATÆKI-PIXMA MG2450



100 stk.

56% afsláttur

Verð áður 8.995

**3.995**

PIXMAMG2450

# FÖSSARI

## OPNUM Á MORGUN KL. 8:00



**SAMSUNG**
KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR

Hvítur eða stál þitt er valið

178 cm

Þú sparar **50** þúsund

Vatn og klaki

100 stk.

Verð áður 179.995

**129.995**

eða 11.602 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 139.255 kr. - ÁHK 12,5%

A+ Orkuflokkur | 361 Litra kælir | 174 Litra frystir | NoFrost

RS53K4400WW/SA



**Apple**
MACBOOK 12" USA LYKLABORÐ

100 stk.

12"

Retina
2304x1440

Vinnsluminni
8GB DDR3 1600MHz

Örgjörvi
Intel M 2 kjarna

Harður diskur
256 eða 512GB SSD

Skjákort
Intel HD Graphics 5300

Rafhlaða
Allt að 9 klst.

Þyngd
Aðeins 0,92 kg

256GB
Verð áður 179.995
**129.995**
eða 11.602 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 139.225 kr. - ÁHK 14,4%

Þú sparar **50** þúsund

512GB
Verð áður 189.995
**149.995**
eða 13.327 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 159.925 kr. - ÁHK 13,4%

Þú sparar **40** þúsund

3 litir



5F855LLA/ 5F865LLA/ 5JY32LLA/ 5JY42LLA/ 5K4M2LLA/ 5K4N2LLA



**MATSUI**
ÖRBYLGJUOFN

100 stk.

Verð áður 9.995

**5.995**

40% afsláttur

700 Vött | 17 Lítra

M17MW16E



**PS4**
SLIM D CHASSIS 500GB

20% afsláttur

500GB

200 stk.

Verð áður 49.995

**39.995**

PS4SLIM500GB



**GARMIN**
VIVOSMART HR

150 stk.

Innbyggður púlsmælir

40% afsláttur

Verð áður 24.995

**14.995**

100195501/ 100195500

**ELKO**
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

# SVARTUR

## GILDIR FÖSTUDAGINN 25. NÓVEMBER



SAMSUNG
GALAXY S6
200 stk.
Verð áður 69.895
49.895
Þú sparar 20 þúsund
SAMG92032BLA/ SAMG92032GO/ SAMG92032WHI



SAMSUNG
SNJALLSJÓNVARP UHD HDR
100 stk.
55”
ULTRA HD
WiFi
QUAD CORE
TIZEN
NETFLIX
Verð áður 164.995
99.995
eða 9.015 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 108.175 kr. - ÁHK 14,4%
Þú sparar 65 þúsund
UE55KU6075XXE



LOGIK
ÞVOTTAVÉL
100 stk.
Afhending 29. nóv.
Verð áður 49.995
29.995
40% afsláttur

| A+++ | 7 | 1400 |
|---|---|---|
| Orkuflokkur | Kg | Snúninga |

L714WM15E



MATSUI
RYKSUGA
150 stk.
40% afsláttur
Verð áður 7.995
4.795

| 1200 | MEN1750 |
|---|---|
| Vött | Ryksugupoki |
| | EEFC 84 |
| | Orkumerking dB |

M12VCB16E



SONY
DUAL SHOCK 4 STÝRIPINNI
200 stk.
25% afsláttur
Verð áður 11.995
8.995
PS4DUALSHOCKB

# WWW.SVARTURFOSSARI.IS

## 400 VÖRUR Á LÆKKUÐU VERÐI

### AÐEINS 1 STK. Á MANN AF HVERRI VÖRU Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# FÖSSARI

## OPNUM Á MORGUN KL. 8:00

**SAMSUNG**
GALAXY TAB A 10,1" 2016

200 stk.

WIFI
Verð áður 39.995
**19.995**

50% afsláttur

AÐEINS 1 STK. Á MANN AF HVERRI VÖRU

SAMT580BLA/WHI

**NUTRiBULLET**
BLANDARI

100 stk.

Verð áður 14.995
**9.995**

33% afsláttur

JMLV2567

**goji**
HEYRNARTÓL

Alls 600 stk.

66% afsláttur

Litir í boði

Verð áður 3.995
**1.345**

G4PLUGEB14

100 stk.

PS4 TITANFALL 2

45% afsláttur

Verð áður 10.995
**5.995**

**URBANEARS**
HEYRNARTÓL

100 stk.

Verð áður 5.995
**2.995**

50% afsláttur

PLATTANTXBK/ PLATTANTXDG/ PLATTANTXIN/ PLATTANTXTO/ PLATTANTXWH

**VEFVERSLUN OG VERSLANIR ELKO GRANDA, LINDUM OG SKEIFUNNI OPNA FÖSTUDAGINN 25. NÓVEMBER KL. 8:00**

ELKO
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

# Borgum meira fyrir heilbrigðisþjónustu

**Íslendingar vörðu hærra hlutfalli úr eigin vasa til heilbrigðismála árið 2014 en aðrir Evrópubúar gerðu að meðaltali. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu OECD. Fleiri tilfelli krabbameins og kynsjúkdóma greinast hér en í öðrum löndum Evrópusambandsins að meðaltali.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar vörðu 2,9 prósent af heildarneyslu heimilanna úr eigin vasa til heilbrigðismála árið 2014. Þetta er hærra en meðaltal ESB ríkja en þar var hlutfallið 2,3 prósent. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD, Health at a Glance: Europe 2016 sem kom út í gær.

Í skýrslunni kemur fram að útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi séu 8,8 prósent af vergri landsframleiðslu, samanborið við 9,9 prósent meðaltal ESB-ríkja. Hæsta kostnaðarhlutfall sem Íslendingar greiða úr eigin vasa er vegna lyfja, en sá kostnaður er 41 prósent heildarupphæðarinnar.

Íslendingum finnst þeir vera við góða heilsu ef marka má skýrsluna. Um 76 prósent Íslendinga sögðust vera við góða heilsu árið 2014 og 18 prósent við ágæta. Til samanburðar töldu 67 prósent sig vera við góða heilsu innan Evrópusambandsins.

Í skýrslunni er dregin upp mjög áhugaverð mynd af stöðu heilbrigðismála í Evrópu. Fram kemur meðal annars að löndin verji mjög misjöfnum upphæðum til heilbrigðismála. Sjúkdómar hrjá löndin á mismunandi hátt og er hlutfall bólusettra barna og tilfelli kynsjúkdóma mjög mismunandi yfir álfuna. Evrópa er sú álfa þar sem mests áfengis er neytt í heiminum, en það er verulegur munur milli landa. Austur-Evrópubúar drekka yfir 12 lítra af hreinu alkóhóli á mann á ári en Norður-Evrópubúar drekka undir átta lítra. Tilfellum offitu fer fjölgandi samhliða því að reykingar og drykkja dragast saman.

Þau lönd sem eru með hæstu tekjur í Evrópu, Lúxemborg, Noregur og Sviss, vörðu mestu til heilbrigðismála árið 2015. Lúxemborg varði yfir 6.000 evrum, jafnvirði 720 þúsund íslenskra króna á núvirði, á hvern íbúa. Útgjöld til heilbrigðismála (þar með talin fjárfesting) námu 3.126 evrum á íbúa á Íslandi á síðasta ári og var langstærsti hlutinn í gegnum ríkið. Þetta er hærri upphæð en meðaltal ESB, sem var tæplega 2.800 evrur, en mun lægra en í flestum vestrænum ríkjum Evrópu. Meðaltal útgjalda á Norðurlöndum nam 3.700 evrum á síðasta ári samkvæmt skýrslunni.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust að raunvirði um 0,4 prósent á ári á Íslandi frá 2009 til 2015 á meðan meðaltal ESB var 0,7 prósent. Heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu voru 8,8 prósent árið 2015 á Íslandi, þar með talin fjárfesting. Á sama tíma var meðaltal í ESB-löndum 9,9 prósent. Hlutfallið er hæst í Sviss, eða 11,5 prósent.

Ísland er meðal fremstu Evrópulanda þegar kemur að ýmsum heilbrigðismálum. Dánartíðni ungbarna er sú lægsta á Íslandi eða 1,7 börn á hver 1.000 sem fæddust milli áranna 2012 og 2014. Til samanburðar er ESB-meðaltalið 3,6. Lífslíkur eru einnig með þeim hæstu meðal Evrópulanda eða 82,7 ár, samanborið við 80,9 ára meðaltal ESB. Unglingadrykkja og reykingar hér á landi eru einnig með því minnsta innan Evrópu.

Krabbameinstilfelli eru þó rétt yfir meðaltali ESB á Íslandi eða 300 á hverja 100 þúsund íbúa. Tilfellin eru fleiri hjá konum. Á Íslandi greindust 96 tilfelli brjóstakrabbameins hjá hverjum 100 þúsund konum árið 2012, en meðaltal ESB var 74. Svipaða sögu er að segja um krabbamein í blöðruhálskirtli. Þar greindust 107 tilfelli á hverja þúsund manns á Íslandi, samanborið við 74 innan ESB.

Offita er einnig að blossa upp á Íslandi. Offita meðal stráka á Íslandi var í kringum meðaltali ESB eða um 21 prósent, en offita stúlkna var undir meðaltalinu árið 2014 til 2015. Offita fullorðinna (sjálftilkynnt) er þó mun meiri á Íslandi en innan ESB, 22 prósent samanborið við 16 prósent.

Tíðni kynsjúkdóma er ansi há á Íslandi samanborið við önnur Evrópuríki. Á Íslandi greindist klamydía í 529 mönnum á hverja 100 þúsund íbúa árið 2014 sem er næstmesti fjöldi í Evrópu, rétt á eftir Danmörku. Þetta er einnig tæplega þrefaldur fjöldi meðaltals ESB. Lekandatilfelli á Íslandi voru færri en meðaltal ESB-ríkja, en sárasótt greindist 51 prósenti oftar á Íslandi en að meðaltali innan ESB.

Samkvæmt skýrslunni eru Íslendingar undir meðaltali ESB í bólusetningum eins árs barna gegn barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mislingum. Hér var hlutfallið 90 prósent árið 2014, en var 94 til 96 prósent innan ESB.

**82,7**

**ár eru lífslíkur meðal Íslendings. ESB meðaltalið er 80,9.**



Samkvæmt skýrslunni sóttu ellefu prósent Íslendinga sér ekki tannlæknisaðstoð sem þurftu árið 2014 vegna fjárhagsástæðna, landfræðilegra ástæðna eða biðraða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY







ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólgueyðandi og verkjastillandi munnsogstafla við særindum í hálsi

Nýtt




Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn - lægra verð

markhönnun ehf

nettó 24
MJÓDD OG GRANDA

# BLACK FRIDAY
# VERÐSPRENGJA

KL: 00:00 Í KVÖLD AÐEINS Í NETTÓ MJÓDD OG NETTÓ GRANDA

TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI!




BLACK FRIDAY
49.999 KR STK

PS4™

**PLAYSTATION 4 PRO 1 TB**
Ofurhlaðin PlayStation 4 tölva gerir leikjunum kleift að sýna meiri smáatriði og nákvæmni í grafík.

**Nettó Mjódd og Nettó Granda - Opið allan sólarhringinn**
**Tilboðið gildir frá kl. 00:00 aðfaranótt föstudagins 25. nóvember**
Tilboðið gildir í sólarhring, meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl

# Fleiri ferðamenn að vetri en sumri

**Það hefur tekist að dreifa komum ferðamanna yfir árið, eins og stefnt var að. Spá gerir ráð fyrir 444.000 ferðamönnum til viðbótar árið 2017. Keflavíkurflugvöllur þjónustar á níundu milljón manna. Fjárfestingar þar á fimm árum jafngilda verðmiða nýs þjóðarspítala.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Eitt stærsta verkefni ferðaþjónustunnar, að dreifa komum ferðamanna yfir allt árið, hefur skilað markverðum árangri og ný farþegaspá Isavia fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir að fjölgun ferðamanna verði langmest yfir vetrarmánuðina. Spáin gerir ráð fyrir að erlendum ferðamönnum inn í landið fjölgi á milli ára um 444.000 manns; þeir verði rúmlega 2,2 milljónir sem er 25 prósent fjölgun milli ára. Samtök ferðaþjónustunnar vara sterklega við þeim þankagangi að uppgangur ferðaþjónustunnar sé sjálfsagður.

**Veturinn hefur vinninginn**

Ný farþegaspá Isavia fyrir Keflavíkurflugvöll fyrir árið 2017 var kynnt í gær. Eins og undanfarin ár er því spáð að fjölgun ferðamanna verði talin í tugum prósenta á milli ára – á það jafnt við um farþega til og frá landinu auk skiptifarþega sem aðeins millilenda hér á leið sinni yfir hafið.

Mörg undanfarin ár hefur keppikefli ferðaþjónustunnar í heild verið að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann – að gera ferðaþjónustuna að heilsársatvinnugrein. Þetta verkefni hefur tekist og fjölgun ferðamanna utan háannar er markverð. Margt skýrir þennan árangur, markaðsstarfið er eitt en Isavia setti til dæmis á fót hvatakerfi sem veitir flugfélögum sem hefja nýjar heilsársflugleiðir afslátt af lendingargjöldum. Þessi dreifing ferðamanna yfir árið þýðir mun betri nýtingu allra innviða sem við sögu koma; Keflavíkurflugvallar sjálfs, vega og gistirýmis, og er þjónustu og stoðgreinum hvers konar augljóslega í hag.

Sem dæmi var á fundinum farið yfir þróunina frá árinu 2010, en á því ári komu 50% erlendra ferðamanna yfir hásumarið og 23 prósent yfir vetrartímann – janúar til mars og nóvember til desember. Árið 2017 verður þetta hlutfall vetrinum í vil, en þá er gert ráð fyrir að 35 prósent erlendra ferðamanna komi yfir vetrarmánuðina og 33 prósent yfir hásumarið.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar, sagði að á þessu ári hafi metfjöldi flugfélaga verið að fljúga allt árið til Íslands – ellefu félög í stað tveggja árið 2005 og þriggja árið 2010. Hann setti þróunina í samhengi. „Vetrarmánuðirnir núna 2016 eru hærri í farþegafjölda en sumarmánuðirnir árið 2010,“ sagði Hlynur en tók jafnframt fram að aukningin yfir nýliðna sumarmánuði hafi aldrei verið meiri, eða 34 prósent ofan á þá miklu fjölgun farþega sem var þegar staðreynd á þessum tíma. Taka verður fram að farþegaspáin er byggð á aukningu á sætaframboði sem þegar hefur verið kynnt. Því liggur fyrir að aukningin næsta sumar er mun minni eða 17 prósent á meðan mánuður eins og janúar næstkomandi lofar 74 prósenta aukningu og febrúar öðrum 53 prósentum – og eru þá allir farþegar taldir, bæði þeir sem koma og fara og þeir sem millilenda. Hausarnir þarna að baki eru næstum milljón talsins en um flugvöllinn fara samkvæmt spánni 8,7 milljónir manna miðað við 6,8 milljónir í ár.

## Straumur ferðamanna að jafnast út á milli árstíða






Íslensku flugfélögin tvö og fimm erlend ætla að stórauka umsvif sín hérlendis á ári komanda. MYND/ISAVIA

**Gríðarleg fjárfesting**

„Það eru erfiðir tímar á flugvellinum – að vera í mikilli uppbyggingu á flugvellinum í miklum vexti. Það er oft talað um að við séum ekki að gera nóg og því ágætt að benda á hvað við höfum verið að gera síðustu fimm ár og hvað stendur til,“ sagði Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri Tækni- og eignasviðs Keflavíkurflugvallar, og gerði grein fyrir að með árinu 2012 og út árið 2017 verði samtals búið að fjárfesta fyrir um 43 milljarða á Keflavíkurflugvelli. Til samanburðar mun nýr Landspítali kosta rúmlega 45 milljarða, ef áætlanir ganga eftir. „Við erum því búin að byggja nýjan Landspítala á fimm árum án þess að mikið hafi verið tekið eftir,“ sagði Guðmundur og bætti við að það væri aðeins toppurinn á ísjakanum miðað við það sem þróunaráætlun Isavia fyrir Keflavíkurflugvöll gerði ráð fyrir því nú eru stórframkvæmdir í undirbúningi á flugvellinum, en nokkur ár munu líða áður en þær miklu stækkanir sem unnið er að verða teknar að fullu í notkun.

> Spáin er jákvæð um fjölgun flugsæta en við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta er sýnd veiði en ekki gefin.
>
> Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SF



**Ljónin í veginum**

„Það er ekkert mál að klúðra þessu,“ sagði Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, í upphafi síns erindis og jarðtengdi fundargesti. Hún gerði að umtalsefni það sem hún telur „stóru fréttirnar“ sem eru fjölgun ferðamanna og þróun hennar á milli mánaða – sem væri einkar ánægjulegt að sjá að væri utan háannar. Það þýddi meiri framleiðni og nýtingu fjárfestinga. Eins, öfugt við fullyrðingar erlendra fjölmiðla um að ástæður uppgangs í ferðaþjónustu verði raktar til hruns og eldgosa, að markaðsstarf ferðaþjónustunnar og stjórnvalda hefði tekist giftusamlega, heilsársstarfsemi flugfélaganna og fjárfesting ferðaþjónustunnar í afþreyingu og gistirými til að gera Ísland sem áfangastað áhugaverðari. Þá nefndi hún skiptifarþegana – sem millilenda hérlendis – sem eru að skila tugum milljarða til þjóðarbúsins og það framboð af ferðamöguleikum sem raun ber vitni. Um 80 áfangastaðir eru í boði yfir sumarið og 50 yfir veturinn. Peningalega hliðin er sú að greinin skilar um 80 milljörðum í beinar tekjur til ríkissjóðs og 440 milljörðum í gjaldeyristekjur – auk þúsunda starfa um allt land.

„Ferðaþjónustan er orðin eins og efnahagslegt færiband fyrir þjóðarbúið. Hún hefur gífurleg bein og óbein áhrif hvert sem við lítum. Hún hefur stækkað kökuna og ekki gert atvinnulífið einhæfara, svo síður sé,“ sagði Helga en sló varnagla.

„Spáin er jákvæð um fjölgun flugsæta en við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta er sýnd veiði en ekki gefin. Það þarf margt að ganga upp, við erum í gífurlegri samkeppni. Okkur er refsað grimmilega í fjölmiðlum ef við stöndumst ekki væntingar, og verð og gæði verða að fara saman. Þessi efnahagslegi stöðugleiki sem við köllum eftir er algjört lykilatriði til að framtíðarvöxtur og þróun greinarinnar gangi eftir,“ sagði Helga og nefndi ljón sem gætu verið í veginum – ekki síst gengis- og launaþróun. „Umhverfið er erfitt og þarna verða stjórnvöld að koma með okkur af fullum þunga og sýna ábyrgð gagnvart þessari atvinnugrein,“ sagði Helga og beindi orðum sínum til stjórnmálaflokkanna sem nú sitja og draga upp framtíðarplön sín fyrir næstu ár. Gerði hún þá kröfu að fjárfestingar til greinarinnar endurspegluðu þjóðhagslegt mikilvægi hennar og þörf fyrir uppbygginguna.

### Ferðamenn inn í landið 2015-2017

2017 **2.241.000 – 25% aukning***
2016 **1.797.000 – 42% aukning****
2015 **1.262.000 – 30% aukning**
*Farþegaspá Isavia
**Spá fyrir nóvember og október

**Ferðamannaspá 2017**
fjölgun innan árstíða

Vetur [jan-mar & nóv-des]:
**+36%**

Vor og haust [apr-maí & sep-okt]:
**+28%**

Sumar - háönn [jún-ágú]:
**+12%**

# STRÍÐIÐ MIKLA 1914–1918



## Íslendingar og heimsstyrjöldin fyrri

Heimsstyrjöldin fyrri – „stríðið mikla“ – hafði margvísleg áhrif á líf og lífskjör Íslendinga. Nærri 400 hermenn fæddir hér á landi börðust í skotgröfum stríðsins, og vegna kafbátahernaðar vofði siglingateppa yfir – um tíma óttaðist fólk hungursneyð á Íslandi. Þessi magnaða saga er rakin í lifandi texta og einstæðum ljósmyndum. Útkoman er áleitin svipmynd af hryllingi ófriðarins og íslensku þjóðlífi í aðdraganda fullveldis.








**„Þetta er afrek ... bætir miklu við fyrir okkur sem lásum fyrri útgáfuna ... óvenju vel unnin bók.“**

ÓÐINN JÓNSSON

★★★★★

**„... verðmætin felast þó fyrst og fremst í íslenska vinklinum sem varla hafa verið gerð jafn góð skil ...“**

VALUR GUNNARSSON / DV

**„... afbragðsgott yfirlit yfir sögusvið stríðsins, í senn fræðandi og vekjandi.“**

JÓN ÓLAFSSON / HUGRAS.IS

**„... áhugaverð innsýn í tilveru Íslendinga á ófriðartímum fyrir 100 árum ...“**

TINNA EIRÍKSDÓTTIR / SIRKÚSTJALDIÐ

**ÞEGAR SIÐMENNINGIN FÓR FJANDANS TIL**

Bókin kom út fyrir jólin 2015 og hlaut mjög góðar viðtökur, fékk m.a. **Íslensku bókmenntaverðlaunin**. Þetta vandaða og læsilega rit birtist hér í nýjum búningi, aukið að efni og ríkulega myndskreytt.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Há tveir o



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Líf nútímamannsins einkennist af miklum hraða og flækjustigið er oft á tíðum hátt. Stundum skapast flækjustig upp úr þurru líkt og það eigi sér sjálfstæða tilveru en ekki rætur í raunverulegum aðstæðum. Vegna mikils hraða og vaxandi krafna sem menn gera til sjálfs sín og ekki síst annarra gleymist stundum hversu mikil forréttindi það eru að búa á Íslandi.

The Water Project áætlar að einn milljarð manna skorti aðgang að hreinu drykkjarvatni. Samt sem áður tökum við hreinu drykkjarvatni sem sjálfsögðum hlut á Vesturlöndum, ekki síst á Íslandi. Við höfum gnægð af heitu og köldu vatni. Miklu meira en við þurfum eða munum einhvern tímann þurfa. Heitt vatn hitar allar fasteignir landsins fyrir hóflegt endurgjald án röskunar fyrir umhverfið. Heitir pottar í líkamsræktarstöðvum standa auðir utan álagstíma. Hitaveitukyntir pottar með stöðugum straumi af nýju heitu vatni sem rennur til sjávar. Íslendingar fara í langar sturtur og drekka ískalt vatn til að hressa sig við eins og þá lystir. Hátt í tvær milljónir ferðamanna sem hingað koma geta baðað sig og séð líkamanum fyrir vökva, hreinu íslensku vatni, án viðbótarkostnaðar allan tímann. Nema kannski á einu ómerkilegu gistiheimili í miðbænum sem sækir nafn sitt til sköpunarsögunnar.

Þúsundir íslenskra fyrirtækja skapa verðmæti með vatni. Ölgerðin og Vífilfell selja gosdrykki og sódavatn og skapa þannig mikil verðmæti fyrir hluthafa sína og íslenska ríkið með skattgreiðslum. Vífilfell seldi gosdrykki og aðrar vörur fyrir 10,8 milljarða króna á síðasta ári og hagnaðist um 92 milljónir króna. Vörurnar sem gosdrykkjafyrirtækin selja eru í grunninn hreint íslenskt vatn sem allir íbúar landsins hafa aðgang að allan sólarhringinn, allan ársins hring. Tilhugsunin ein dugar næstum því til þess að æra óstöðugan.

Landsvirkjun skapar verðmæti með því að framleiða rafmagn úr fallvatni. Raforkusala Landsvirkjunar á árinu 2015 var sú mesta frá upphafi, eða 13,9 teravattstundir. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir var 322 milljónir dollara, jafnvirði 36,3 milljarða króna þegar þetta er ritað. Tæplega helmingurinn af því sem kostar að reka Landspítalann á einu ári. Þetta eru verðmæti sem Landsvirkjun skapaði fyrir okkur öll, íslenska skattgreiðendur, meðal annars vegna aðgengis að íslensku vatni. Gengi bandaríkjadollars hefur lækkað mikið frá síðustu áramótum þannig að talan var ennþá fallegri í krónum þegar endurskoðandi Landsvirkjunar sló hana inn í excel fyrr á þessu ári. Þrátt fyrir þessi lífsgæði og þá eymd sem margir glíma við í heiminum vegna skorts á aðgengi að vatni og náttúruauðlindum eru margir Íslendingar óhamingjusamir. Bíllinn er ekki nógu góður, íbúðin er ekki jafn flott og þessi sem er í Húsum og híbýlum, bankainnistæðan er ekki nógu há, börnin eru of frek og dýr í rekstri þrátt fyrir að börn séu lífsins gjafir, vinnufélagarnir eru of leiðinlegir og svo framvegis.

Stundum er mikilvægt að setja hlutina í samhengi til að átta sig á að líf í þessu landi er ekki sjálfsagt. Það er heppni og það er gjöf.

> **Þrátt fyrir þessi lífsgæði og þá eymd sem margir glíma við í heiminum vegna skorts á aðgengi að vatni og náttúruauðlindum eru margir Íslendingar óhamingjusamir.**

markhönnun ehf
netto
KALKÚNN HEILL - FROSINN
STÆRÐ: 4,6 KG, 5,4 KG, 6,6 KG, 7,2 KG
998 KR/KG
Franskur gæðakalkúnn á frábæru verði


## Halldór




## Frá degi til dags

**Framsókn með tögl og hagldir**
Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðiprófessor segir glitta í stjórnarkreppu á Íslandi. Tveir augljósustu kostirnir eru nú úr sögunni og líkast til þarf að grafa djúpt til að finna starfhæfan meirihluta á þingi næstu fjögur árin. Þó er það svo að í þessum tveimur hrinum stjórnarmyndunarviðræðna hefur einn flokkur setið álengdar og fylgst með. Það færi þó ekki svo að Framsókn endaði með öll spil á hendi. Oft hefur það verið sagt í íslenskum stjórnmálum að það skipti engu máli hvað þú kýst, Framsóknarflokkurinn komist alltaf í ríkisstjórn. Sé raunin sú núna verður það að koma í ljós.

**Viðreisn sprungið tvisvar**
Samkvæmt forystufólki var það Viðreisn sem hafði efasemdir um fimm flokka ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur og því einsýnt að Katrín þyrfti að slíta viðræðum. Verður það að teljast áhugavert því innan Bjartrar framtíðar höfðu heyrst ánægjuraddir með gang mála. Spurning er því hvort þarna hafi birst fyrir alþjóð skilin milli Bjartrar framtíðar og Viðreisnar? Flokkarnir hafa verið samstiga fram á þennan dag. Benedikt Jóhannesson lýsti því yfir á fundi með forseta eftir kosningar að hann vildi fá umboðið. Hann hefur nú farið í tvær misheppnaðar viðræður. Eitt er víst að forseta er vandi á höndum.

sveinn@frettabladid.is

# Peningalegur ómöguleiki



**Ásdís Kristjánsdóttir**
forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Við lifum óvenjulega tíma, það er góðæri, lág verðbólga og verðbólguvæntingar, kaupmáttur hefur sjaldan verið meiri, sparnaður eykst og útlit er fyrir áframhaldandi hagvöxt. Á sama tíma og flest ríki Evrópu glíma enn við veikan efnahagsbata erum við komin inn á sjötta ár þessa hagvaxtarskeiðs. Við skerum okkur úr.

Seðlabanki Íslands starfar eftir verðbólgumarkmiði þar sem meginmarkmiðið er að halda ársverðbólgu sem næst 2,5%. Frá febrúar 2014 hefur verðbólga að meðaltali mælst 1,7% og því haldist talsvert undir skilgreindu markmiði, verðbólgan hefur með öðrum orðum verið of lág. Seðlabankinn hefur á þessum tíma kerfisbundið spáð hærri verðbólgu en raungerst hefur og því viðhaldið hærra raunvaxtastigi en ætlunin var. Nú er svo komið að raunvextir eru nánast hvergi hærri en á Íslandi og hafa verið hátt í 4% að meðaltali frá ársbyrjun 2014. Við skerum okkur úr.

Á vaxtaákvörðunarfundi þann 16. nóvember sl. birti Seðlabankinn spá um verðbólgu, spá sem lögð er til grundvallar vaxtaákvörðunum, en þar er gert ráð fyrir að verðbólga verði áfram undir markmiði fram á seinni árshelming 2018. Þrátt fyrir horfur á lágri verðbólgu og verðbólguvæntingar í markmiði töldu nefndarmenn ekki tilefni til vaxtalækkunar vegna hættu á vaxandi spennu í hagkerfinu. Hvað gerist þegar góðærinu lýkur og efnahagsslaki myndast á ný, krónan veikist og verðbólguhorfur versna, munu vextir þá lækka? Leyfum okkur að efast um það.

Það virðist sem hér ríki peningalegur ómöguleiki. Vextir hér á landi þurfa að haldast háir sama hvað á gengur. Hávaxtastefna Seðlabankans dregur úr fjárfestingu í landinu, dregur úr hvata til nýsköpunar og ýtir undir efnahagslegt ójafnvægi þar sem gengisstyrking krónunnar færir neyslu úr landi. Það átti við fyrir hrun og á enn við í dag. Þessi hliðaráhrif er lítið rætt um á vaxtákvörðunarfundum. Það er ekki nauðsynlegt að vera eitt mesta hávaxtaríki heims. Ef ekki er hægt að lækka vexti núna, hvenær þá?

> **Það er ekki nauðsynlegt að vera eitt mesta hávaxtaríki heims. Ef ekki er hægt að lækka vexti núna, hvenær þá?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Bandaríkin: Afsakið, hlé

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Miklir atburðir hafa nú gerzt í Bretlandi og Bandaríkjunum með fárra mánaða millibili eins og ráða má af því að báðir stóru stjórnmálaflokkarnir í báðum löndum eru sundurtættir og í sárum.

**Brexit**
Tökum Bretland fyrst. Þar gerðist það í júní sl. að kjósendur ákváðu að Bretland skyldi yfirgefa ESB þótt helztu forustumenn Íhaldsflokksins í ríkisstjórn og nær allir þingmenn Verkamannaflokksins og einnig Frjálslynda flokksins og Skozka þjóðarflokksins í stjórnarandstöðu mæltu gegn úrsögn hlið við hlið. Verkamannaflokkurinn gekk sameinaður en hikandi til þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Íhaldsflokkurinn var klofinn þar eð fámennur hluti þingflokksins og fáeinir ráðherrar mæltu fyrir úrsögn úr ESB, m.a. af ótta við Brezka sjálfstæðisflokkinn (UKIP) sem kalla má systurflokk Sjálfstæðisflokksins og Þjóðfylkingarinnar hér heima. David Cameron þáv. forsætisráðherra ákvað að boða til þjóðaratkvæðis um úrsögn til að friða minni hlutann í eigin flokki, Íhaldsflokknum, og þóttist viss um sigur. Kjósendur lýstu eigi að síður stuðningi við úrsögn, einkum kjósendur í dreifbýli með lágar tekjur og litla menntun. Úrslitin komu mörgum á óvart. Cameron sagði af sér embætti og hvarf af vettvangi.

Bretar virða leikreglur lýðræðisins og telja því einboðið að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar, og gildir þá einu að hún var ráðgefandi frekar en bindandi. Samt ríkir lagaleg óvissa um framhaldið. Enskur dómstóll hefur úrskurðað að brezk lög mæli fyrir um að þingið verði að staðfesta úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Hæstiréttur Bretlands þarf væntanlega að fella lokadóm um málið. Við bætist að Skotar hugleiða að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort þeir hafa lagalegt neitunarvald gegn úrsögn Bretlands úr ESB enda greiddi meiri hluti skozkra (og einnig norður-írskra) kjósenda atkvæði gegn úrsögn. Nýr forsætisráðherra Bretlands, Theresa May, er andvíg úrsögn Bretlands úr ESB en hún tók eigi að síður að sér það erfiða hlutverk að skipuleggja útgönguna. Þeir sem telja að aðild Breta að ESB frá 1973 hafi skipt sköpum fyrir efnahagslíf landsins kvíða framhaldinu, og þeir eru margir.

**Donald Trump**
Næst gerðist það sem enn færri áttu von á: Donald Trump sem fór fram fyrir repúblikana í óþökk helztu forustumanna flokksins var kjörinn forseti Bandaríkjanna þótt hann hlyti mun færri atkvæði á landsvísu en keppinautur hans, demókratinn Hillary Clinton, fv. utanríkisráðherra. Atkvæðamunurinn er nú 1,3 milljónir og á trúlega eftir að aukast þar eð talningu er ekki enn að fullu lokið. Þetta er í annað sinn á 16 árum að repúblikanar vinna Hvíta húsið með minni hluta atkvæða að baki sér.

Repúblikanaflokkurinn er sundraður. Hvernig á annað að vera þegar nýkjörinn forseti þrætir fyrir hlýnun loftslags af mannavöldum og nýkjörinn varaforseti þrætir fyrir þróunarkenninguna? Miðað við stóryrðin sem frambjóðendur repúblikana höfðu hver um annan í kosningabaráttunni er vandséð að friður geti komizt á í flokknum fyrr en að löngum tíma liðnum. Við bætist að Trump býst nú til að raða ýmsum öfgamönnum í mikilvægar stöður. Væntanlegur dómsmálaráðherra, Jeff Sessions öldungadeildarþingmaður frá Alabama, er þekktur fyrir andúð á blökkumönnum; þingið í Washington hafnaði á sínum tíma skipun hans í dómaraembætti á þeirri forsendu. Væntanlegur rasspútín forsetans, þ.e. aðalráðgjafi, Stephen Bannon, er þekktur fyrir að halda úti illskeyttu lygavefsetri sem dreifir fölskum fréttum og óhróðri um andstæðinga öfgahægrisins.

Úlfúðin í röðum repúblikana innbyrðis og einnig í garð demókrata á sér langan aðdraganda. Arthur Miller, leikskáldið sem hefur verið fastagestur á fjölum Þjóðleikhússins allar götur frá 1951 og er enn, sagðist enga rökræna skýringu geta fundið á heift margra repúblikana í garð Bills Clinton forseta 1993-2001 aðra en þá að Clinton, sonur einstæðrar móður í Arkansas, væri í reyndinni fyrsti blökkuforseti Bandaríkjanna. Þessi skýring Millers kemur heim við hamagang repúblikana gegn Obama forseta undangengin átta ár. Repúblikanar á þingi hafa barizt harkalega gegn nær öllum málum forsetans án tillits til málavaxta og grafið svo undan honum að þrír af hverjum fjórum skráðum flokksmönnum repúblikana segjast enn efast um að Obama hafi fæðzt í Bandaríkjunum svo sem stjórnarskráin krefst af hverjum forsetaframbjóðanda. Efasemdarmennina varðar ekki um fyrirliggjandi fæðingarvottorð forsetans, ekki frekar en þá varðar um þekktar staðreyndir um hlýnandi loftslag og uppruna tegundanna.

**Eigi er úti allt kveld þótt rökkvi um sinn**
Þegar Ronald Reagan var kjörinn forseti Bandaríkjanna 1980 óttuðust margir demókratar meintar öfgar hans, en ró komst á þegar ljóst varð að Reagan og ríkisstjórn hans myndu ekki gera atlögu að mannréttindalöggjöfinni sem forverar hans, demókratarnir John Kennedy og Lyndon Johnson, höfðu fengið samþykkta í þinginu 1964-1965 enda var Reagan gamall demókrati. Dwight Eisenhower, forseti úr röðum repúblikana 1953-1961 (demókratar höfðu einnig reynt að fá hann til framboðs fyrir sig), lét sér ekki heldur til hugar koma að uppræta velferðarlöggjöf demókratans Franklins Roosevelt forseta frá kreppuárunum. Vonir standa til að Donald Trump taki sér þessi fordæmi til fyrirmyndar enda sagðist hann á fyrri tíð eiga lengri samleið með demókrötum en repúblikönum.

> **Bretar virða leikreglur lýðræðisins og telja því einboðið að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar, og gildir þá einu að hún var ráðgefandi frekar en bindandi. Samt ríkir lagaleg óvissa um framhaldið.**





FERÐAÞJÓNUSTA – AFL BREYTINGA

FERÐAMÁLAÞING 2016 - HALDIÐ Í HÖRPU, SILFURBERGI
KL. 13:00–17:00, 30. NÓVEMBER

**Fundarstjóri:** *Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Gray Line Iceland*

DAGSKRÁ:

**13:00 Ávarp ráðherra ferðamála**

**13:15 Vöxtur ferðaþjónustunnar, séríslenskt fyrirbrigði sem kallar á séríslenskar lausnir, eða angi af alþjóðlegri þróun?**
*Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri*

**13:40 Samfélagsleg sátt um ferðaþjónustu: Saga til næsta bæjar?**
*Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Ferðamála (RMF)*

**14:00 What kind of future do we want for Iceland's visitor economy? How can we all benefit from Destination Management Planning (DMP)?**
*Tom Buncle, framkvæmdarstjóri og ráðgjafi (Yellow Railroad, Skotlandi)*

**14:45 Kaffi/te og með því**

**15:00 Conservation and Tourism in National Parks – Importance of Harmonization**
*Donald Leadbetter, verkefnastjóri ferðamála hjá Bandarísku þjóðgarðastofnuninni (National Park Service)*

**15:45 Ferðaþjónustan er mikilvægt breytingaafl í mínu sveitarfélagi**
*Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur*
*Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitafélagsins Árborgar*
*Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri Norðurþings*
*Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps*
*Sigrún Blöndal – bæjarfulltrúi Fljótsdalshéraði og fulltrúi Sambands Ísl. Sveitarf. í Stjórnstöð ferðamála*

**16:35 Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálastofu.**

**17:00 Þinglok og léttar veitingar**

Þátttaka er án endurgjalds en nauðsynlegt að skrá sig á www.ferdamalastofa.is og er frestur til 29. nóvember.
Þingið verður einnig sent út á internetinu hægt er að nálgast slóðina á **www.ferdamalastofa.is**

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 535-5500 | Fax 535 5501

VAKINN Quality


KRÓNAN
399 kr. pk.
Klementínur 950g, Spánn
-20%
238 kr. kg
Sætar kartöflur, Spánn
verð áður 297
Tilboðin gilda til 27. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

# Svartur föstudagur

Tilboð gilda á morgun föstudag, á meðan birgðir endast




**-40%** 2 kassar á mann

## *54 kr. dósin

24 stk. í kassa
Þú sparar 621 kr.

*Tilboðið er á Pepsi og Kristal
það má blanda tegundum í kassa

**1299** kr. pk.

Verð áður ~~1920~~ kr. kassinn




**779** kr. kg

Anton franskar andabringur
verð áður ~~1299~~

**-40%** 2 stk. á mann



**-50%** 2 pakkar á mann

**2385** kr. kg

Ungnauta entrecote, Nýja Sjáland
verð áður ~~4770~~




**-50%** 2 kassar á mann

**1800** kr. pk.

Gjafakassi, sjampó og hárnæring
verð áður ~~3799~~




**-50%** 2 pakkar á mann

**650** kr. pk.

Zewa Eldhúsrúllur 8 stk.
verð áður ~~1299~~

**-40%*** 2 stk. af hverri tegund á mann




**4199** kr. pk.

Playmo Leikskólaparadís
verð áður ~~6999~~

**7199** kr. pk.

Playmo 1.2.3.
verð áður ~~11999~~

**4499** kr. pk.

Playmo Löggubíll m/báti
verð áður ~~7499~~

*Playmo fæst aðeins í Lindum, Bíldshöfða, Granda, Selfossi, Mosfellsbæ, Akranesi, Reyðarfirði og Fitjum.

Tilboðin gilda til 27. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
-20%
1599 kr. kg
Lambalærisneiðar blandaðar
verð áður 1999
-17%
2999 kr. kg
Lamba prime
verð áður 3799
-17%
1399 kr. kg
Lamba sirloinsneiðar
verð áður 1699
-25%
3999 kr. kg
Lambalundir
verð áður 5399
3199 kr. kg
Ísfugl Kalkúnabringa fersk
Þakkar gjörð
799 kr. kg
Þakkagjörðar Sæt kartöflumús
1989 kr. kg
Kalkúnn ferskur
899 kr. kg
Þakkagjörðar kalkúnafylling
Tilboðin gilda til 27. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**

Dan Cake jólarúlluterta, 370g

**249** kr. stk.










**389** kr. pk

Tilbúið Kötludeig með lakkrís og hvítu súkkulaði, 300g

**239** kr. pk.

Tilbúið Kötlu piparkökudeig, 300g




**Ódýrt**

Klementínur 2,3 kg, Spánn

**699** kr. pk.

# „Blóðskimun til bjargar“: Hverju á að bjarga og á kostnað hvers?





**Ástríður Stefánsdóttir**
læknir og dósent í hagnýtri siðfræði við Háskóla Íslands

**Jóhann Ág. Sigurðsson**
prófessor, Þróunarsvið Heilsugæslunnar og Heimilislæknisfræði HÍ

Nú stendur yfir herferð til að fá fólk til að taka þátt í rannsókn sem ber yfirheitið: „Blóðskimun til bjargar“. Það eina sem þarf að gera til að taka þátt í rannsókninni er að skrá sig á netinu og svo á málinu að vera lokið fyrir langflesta. Það er þó full ástæða fyrir fólk að staldra aðeins við og hugsa sig vel um áður en þátttaka er ákveðin.

### Skimunin mun skaða, en getur kannski gert gagn

Læknisfræðilegar skimanir geta valdið valdið fólki skaða. Í þessari rannsókn er það fyrst og fremst fólk sem mælist með forstig mergæxlis í blóði sem væri í slíkri áhættu. Jafnvel þótt hlutfall þeirra sem eru með forstig og munu þróa krabbamein sé mjög lágt, þá mun eftirlit hópsins á sex mánaða fresti sífellt minna þá á þennan möguleika. Fjöldi rannsókna hefur þegar verið gerður á einstaklingum sem fá upplýsingar um forstig alvarlegra sjúkdóma. Þær sýna að slík vitneskja felur í sér álag sem getur jafnvel skaðað heilsu. Vegna þessa hefur ítrekað verið varað við því að framkvæma skimanir og leita að forstigsþáttum sem ekki er vitað hvernig eigi að meðhöndla.

Litlar líkur eru því á að upplýsingarnar um forstigið muni lengja líf þeirra sem með það greinast. Einnig geta við rannsóknir á heilbrigðu og einkennalausu fólki komið í ljós aðrir þættir en leit beinist að. Oft er óljóst hvort þeir eru sjúkdómsvaldar eða ekki. Slíkt getur leitt til þess að meðhöndlað er ástand sem ekki hefði leitt til sjúkdóms (í þeirri von að hindra sjúkdóm) og meðhöndlunin ber í sér áhættu sem getur skaðað einstaklinginn.

> **Litlar líkur eru því á að upplýsingarnar um forstigið muni lengja líf þeirra sem með það greinast**

### Skortur á gegnsæi

Samkvæmt tölum þeirra sem stýra rannsókninni mun um 1% þess hóps sem greinist með forstig á ári hverju þróa með sér mergæxli. Gera verður ráð fyrir að þeim sem greinast með mergæxli verði boðin krabbameinsmeðferð. Ekki er ljóst af upplýsingabæklingi hvort sjúklingarnir muni fá hefðbundna meðferð eða hvort eigi að reyna ný lítt rannsökuð krabbameinslyf. Við eftirgrennslan okkar á þessu atriði til Vísindasiðanefndar kom í ljós að rannsóknaráætlun þessa þjóðarátaks liggur ekki á lausu. Okkur (AS) hefur verið neitað um að sjá hana vegna viðskiptahagsmuna. Þess er getið að rannsóknaráætlunin innihaldi tilgátur um meðhöndlun á mergæxli sem síðar kunni að njóta einkaleyfisverndar og höfundaverndar. Hér ræður kannski miklu að fjárfestingafyrirtækið «Black Swan» fjármagnar rannsóknina að mestu?

Það krabbamein sem hér er verið að rannsaka er rúmlega 1% allra krabbameina sem greinast á Íslandi, um 25 tilfelli á ári hverju og meðalaldur við greiningu er um 70 ár. Gera má ráð fyrir að á hverjum tíma séu í íslensku heilbrigðiskerfi um 90-100 manns með sjúkdóminn. Eftir að rannsóknin hefst verða til viðbótar við þá 100 sem nú eru í eftirliti og meðhöndlun a.m.k. nokkur þúsund einstaklingar sem krefjast athygli í gegnum þétt eftirlit. Kröftum heilbrigðisstarfsfólks verður því beint í skoðun á heilbrigðu fólki sem allflest myndi aldrei fá þann sjúkdóm sem þó öll athyglin beinist að. Er mögulegt að það leiði til lengri biðlista í rannsóknir, eins og blóðrannsóknir og segulómun, og biðtíma til lækna? Það er mikilvægt að fá skýr svör við slíkum spurningum.

### Þjóðarátak án leyfilegrar umræðu

Að lokum er vert að minnast á þá nálgun rannsakenda að gera rannsókn, sem vekur flóknar siðferðilegar spurningar, að þjóðarátaki. Margt gott getur hugsanlega komið út úr þessari rannsókn, sérstaklega ef litið er til framtíðarþekkingar og í alþjóðlegu samhengi. Erfiðara er að koma auga á mögulegan ávinning fyrir þátttakendur og jafnvel fyrir íslenskt samfélag til skemmri tíma litið. Mögulegur skaði er á hinn bóginn ljósari. Það er því umhugsunarvert þegar almenningur er laðaður til þátttöku með auglýsingarherferð og markaðsátaki. Sú nálgun grefur undan meginreglu vísindasiðfræðinnar um upplýst samþykki.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

# Kolefnisspor og ábyrgð fyrirtækja í loftslagsmálum



**Gunnar Sverrisson**
forstjóri Odda

Undanfarin ár hefur orðið mikilvæg vakning varðandi ábyrgð fyrirtækja gagnvart umhverfis- og loftslagsmálum. Það á ekki síst við um framleiðslufyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni þar sem kröfur viðskiptavina um rekjanleika allra þátta framleiðslunnar hafa stóraukist á stuttum tíma.

Áhersla kaupenda á upplýsingar um áhrif framleiðslunnar á loftslag og umhverfi hefur stóraukist með aukinni alþjóðlegri umræðu og vitundarvakningu um loftslagsmál, t.d. með Parísarsamkomulaginu sem undirritað var fyrir tæpu ári.

Þessi áhersla er að sjálfsögðu mjög jákvæð því hún leggur þá ábyrgð á herðar framleiðslufyrirtækjum að minnka umhverfisáhrif framleiðslunnar eins og mögulegt er og á sama tíma að sjá til þess að hægt sé að sýna fram á áhrifin til samanburðar fyrir viðskiptavini.

Oddi er framleiðslufyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Við framleiðum prentvörur og umbúðir fyrir um 3.500 innlenda og erlenda viðskiptavini. Meðal stærstu samstarfsaðila okkar eru fyrirtæki í matvælaframleiðslu og útflutningi sem þarfnast hágæða umbúða sem skila afurðum ferskum alla leið á áfangastað.

**Samanburður á kolefnisspori við framleiðslu á karfapokum**
hjá Odda og fyrirtækjum á helstu samkeppnismörkuðum




Þó að mikilvægi umhverfismála hafi ætíð leikið stórt hlutverk varðandi framleiðslu á umbúðum urðu ákveðin vatnaskil í upphafi ársins þar sem kaupendur fóru í auknum mæli að krefjast þess að sölufyrirtæki gætu sýnt fram á útreikninga um kolefnisspor bæði vörunnar og umbúðanna. Við hjá Odda vorum þá búin að láta reikna út fyrir okkur kolefnisspor framleiðslu á helstu vöruflokkum okkar, t.d. pappaumbúðum, öskjum og plastpokum, með samanburði við helstu samkeppnisaðila erlendis.

### Kolefnissporið skiptir máli

Niðurstöðurnar eru skýrar. Í öllum flokkum er framleiðslan hjá Odda umtalsvert betri að þessu leyti en hjá helstu samkeppnisaðilum, þar sem umbúðir sem framleiddar eru hjá Odda hafa allt að 93% minna kolefnisspor en sambærilegar vörur framleiddar erlendis.

> **Umhverfismál og loftslagsmál koma okkur öllum við, þau eru ekki einkamál ríkisvaldsins.**

Niðurstaðan sýnir að sú stefna Odda að leggja áherslu á að fara vel með hráefni og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar á skilvirkan hátt hefur skilað ótvíræðum árangri. Viðskiptavinir okkar geta treyst því að framleiðslan raski umhverfinu eins lítið og mögulegt er.

Oddi hefur í um 20 ár verið leiðandi í umhverfisábyrgð meðal íslenskra fyrirtækja og hefur tekið skýr skref til að minnka umhverfisáhrif framleiðslunnar. Oddi var fyrsta fyrirtækið til að hljóta umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 1997. Árið 2009 hlaut Oddi Kuðunginn, umhverfisverðlaun umhverfisráðuneytisins, og Svansvottun í byrjun árs 2010.

Það er mikilvægt að fyrirtæki nálgist ekki nýjar áherslur um ábyrgð í umhverfismálum sem kvöð heldur sem tækifæri til að gera betur. Alþjóðleg áhersla á að fyrirtæki geti sýnt fram á kolefnisspor og önnur umhverfisáhrif framleiðslunnar veitir íslenskum fyrirtækjum möguleika á mikilvægu samkeppnisforskoti t.d. hvað varðar nýtingu á umhverfisvænni orku til framleiðslu á útflutningsvörum.

### Við getum gert betur

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hrósaði Íslandi í heimsókn sinni fyrir skömmu fyrir að vera skínandi fyrirmynd í loftslagsmálum á heimsvísu. En hann sagði einnig að við gætum gert enn betur. Og það er alveg rétt. Við getum gert miklu betur og við eigum að gera miklu betur.

Umhverfismál og loftslagsmál koma okkur öllum við, þau eru ekki einkamál ríkisvaldsins. Við þurfum hvert og eitt að sýna ábyrgð og frumkvæði, bæði sem einstaklingar og sem stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja.

Hjá Odda vinnum við eftir skýrum markmiðum í umhverfismálum t.d. með endurvinnslu, umhverfisvænu hráefni og endurnýjanlegri orku. Við fylgjumst mjög vel með kolefnisspori framleiðslunnar því að við viljum gera eins vel og mögulegt er í loftslagsmálum og sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu í heild. Við hjá Odda gleðjumst að sjálfsögðu yfir því að kolefnisspor vörunnar okkar er með því besta sem gerist í heiminum. En við látum ekki þar við sitja og munum leggja okkur fram við að gera enn betur í framtíðinni.

# Réttlætir stefnan um skóla án aðgreiningar hærri laun kennara?

**Gretar L. Marinósson**
**Dóra S. Bjarnason**
**Ólafur Páll Jónsson**
**Anna Kristín Sigurðardóttir**
**Berglind Rós Magnúsdóttir**
**Brynja Elísabet Halldórsdóttir**
**Hanna Ragnarsdóttir**
**Kristín Björnsdóttir**
**kennarar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands**
**Hermína Gunnþórsdóttir**
kennari við Háskólann á Akureyri

Kennarar hafa dregist verulega aftur úr öðrum starfshópum í launum, og jafnframt er samfélagið orðið margslungnara og flóknara en fyrir nokkrum áratugum og barnahópurinn margbreytilegri. Kennarar eru að vonum ýmist vígreifir í erfiðri baráttu eða þeir hugsa hryggir til þess að hætta störfum með börnum og snúa sér að öðru. Í umræðum síðustu daga um óánægju kennara með laun sín, vinnuaðstæður og þá vanvirðingu sem þeim er sýnd hafa þeir tilgreint framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar sem eina ástæðu þess að þeir telji starfsskilyrði sín réttlæta hærri laun.

Þessi menntastefna, sem tekin var upp 1995 og nú er lögfest á Íslandi, gerir ráð fyrir því að öll börn, óháð uppruna, trú, litarhætti, kynhneigð, fötlun eða öðrum sérkennum, eigi rétt á því að ganga í eigin heimaskóla. Stefnan er byggð á mannréttindahugmyndum og helst í hendur við stefnu um samfélag sem einkennist af fjölbreytni fremur en einsleitni, lýðræði og félagslegu réttlæti þar sem leitast er við að veita öllum þjónustu í samræmi við þarfir hvers og eins. Stefnan kallar á samvinnu kennara og annars starfsfólks skóla og fagfólks innan og utan skólanna, og á nokkuð breytt vinnubrögð.

### Ekki nóg að gert

Þegar stefnan var tekin upp fylgdi því viðurkenning á því að kennarar þyrftu að fá stuðning til að breyta kennsluháttum sínum svo hægt væri að koma betur til móts við ólíkar námsþarfir nemenda í almennum bekkjum. Þess vegna hefur nemendum meðal annars verið fækkað í bekkjardeildum (eru nú að meðaltali um 20 í bekk í Reykjavík og færri úti á landi). Víða hafa uppeldisfulltrúar, sérkennarar og þroskaþjálfar verið ráðnir til að vinna með almennum kennurum við það að sinna einstaklingum. Enn fremur er sérfræðiþjónusta skóla kennurum til ráðgjafar og stuðnings. Grunnmenntun kennara hefur líka breyst og starfandi kennarar hafa í auknum mæli tileinkað sér nýja kennsluhætti sem auðvelda vinnu með mjög fjölbreyttum hópum. Þó er ekki nóg að gert.

> **Ef menntamálayfirvöld, ráðuneyti og sveitarfélög, sem gert hafa þessa stefnu að sinni, vilja að hún þróist á jákvæðan hátt ættu þessir aðilar að taka umkvartanir kennara alvarlega og styðja þá við þetta þróunarstarf í þágu allra nemenda.**

Fram hefur komið í fjölmörgum rannsóknum að kennarar eru almennt fylgjandi stefnunni um skóla án aðgreiningar en telja þó að aukið fjármagn þurfi að fylgja til að gera hana framkvæmanlega. Sama viðhorf kemur fram hjá foreldrum barna með fötlun eða sérþarfir. Við erum sama sinnis. Raunar erum við þeirrar skoðunar að upptaka stefnunnar, sem er ein mesta breyting sem gerð hefur verið á skólastarfi frá upphafi, hafi hvorki verið nægilega vel undirbúin, né henni fylgt eftir með þeirri kynningu, þjálfun, ráðgjöf og eftirliti sem hefði auðveldað framkvæmd svo umfangsmikillar kerfisbreytingar.

Ef menntamálayfirvöld, ráðuneyti og sveitarfélög, sem gert hafa þessa stefnu að sinni, vilja að hún þróist á jákvæðan hátt ættu þessir aðilar að taka umkvartanir kennara alvarlega og styðja þá við þetta þróunarstarf í þágu allra nemenda. Sá stuðningur þarf að felast í viðurkenningu á því að þetta sé krefjandi og mikilvægt verkefni sem þarfnist umtalsverða og raunhæfra úrbóta.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
24. NÓVEMBER 2016 FIMMTUDAGUR



# SKEMMTILEGT AÐ PRUFA ALLT

**Fatahönnunarneminn Bergur Guðnason stefnir á útskrift næsta vor frá LHÍ. Hann hefur haft áhuga á tísku frá því hann var ungur strákur og sækir innblástur úr ólíkum áttum.** »

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*


Eftirgerðir af munum frá Skriðuklaustri, unnir af Inga í Sign.
Hnappur 13.900 kr.
Lykill 17.900 kr.

Óróar frá Laufabrauðssetrinu
Verð 995 kr. – 1295 kr.



Jólapóstkort frá Þjóðminjasafni, margar gerðir 200 kr.

Vandaðar og endingargóðar ullarvörur fyrir börn frá As We Grow.
Húfa: 6.495 kr. Trefill: 5.250 kr.



Minnisbók 2.495 kr.
Safnbúðin


Jólalínan 2016 frá Heklu
Kerti 1.995 kr.
Servíettur 995 kr.
Eldspýtustokkur 750 kr.

Sérpakkað dökkt súkkulaði 695 kr.
Safnbúðin.



Falleg ílát frá sveinbjörg.is
Kaffibaukasett: 2.195 kr.
Kökubox: 1995 kr.

**Mikið úrval af vörum** frá Hugrún - islensk.is. Borðdregill úr hör og bómullarblöndu með mynstri frá sjónabók 8.995 kr.


Safnbúð Þjóðminjasafnsins

Fallegar gjafir á góðu verði


**Jólatré 24.995 kr.**

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · Sími 530 2203 · www.thjodminjasafn.is · Hverfisgata 15 · 101 Reykjavík · Sími 530 2210 · safnahusid.is






Hettupeysan er frá Supreme í London, buxurnar eru keyptar í Topshop og skórnir eru Yeezy Boost 750 „Grey/Gum“. MYNDIR/EYÞÓR



Hér klæðist Bergur buxum sem hann hannaði úr kápu af gamalli konu og gömlum Hugo Boss frakka sem pabbi hans átti. Peysan er keypt í Supreme í London og skórnir eru Yeezy Boost 350 Pirate Black.


Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Úlpan er keypt í „vintage“-búð í París, rúllukragapeysan var keypt í Supreme-búðinni í London og buxurnar koma úr JÖR.

Frá því Bergur Guðnason man eftir sér hefur hann haft mikinn áhuga á tísku og hönnun. Strax sem lítill strákur hafði hann sterka skoðun á því hvernig föt ættu að líta út á fólki, hvað passaði með hverju og hvað virkaði ekki. „Á þessum árum var ég strax farinn að velta fyrir mér klæðnaði fólks í kringum mig og farinn að spá í hvað mætti gera öðruvísi, breyta eða laga.“

Þessar pælingar hans voru þó ekki nóg að hans sögn, hann þurfti að fá að tjá sig og koma þeim út með einhverju móti. Því segir hann að fatahönnunarbrautin í Listaháskóla Íslands hafi verið fullkominn vettvangur fyrir hann en þar hefur hann stundað nám undanfarin þrjú ár. „Áður en ég hóf nám þar var ég lærlingur hjá JÖR og vann portfolio-möppuna mína á þeim tíma. Ég lærði mjög mikið á dvöl minni þar, fékk að vera með í allri hönnuninni og láta skoðun mína heyrast. Þessa dagana er ég hins vegar að byrja á hönnun útskriftarlínunnar sem ég mun sýna næsta vor.“

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Það er svolítið erfitt því hann er alltaf að breytast. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á rapptónlist og sæki mikinn innblástur þangað. Annars finnst mér skemmtilegt að prufa allt, ýta mér út í eitthvað sem mér finnst óþægilegt, því maður veit aldrei hvað virkar og hvað ekki.

**Hvernig fylgist þú með tískunni?** Netið er mjög þægileg leið til að fylgjast með því nýjasta hverju sinni. Annars finnst mér gaman að skoða bækur eftir ólíka hönnuði og skoða mismunandi tímabil í tískusögunni.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég vinn í JÖR og því er hún eðlilega í miklu uppáhaldi. Við erum einmitt að opna nýja verslun á Skólavörðustíg á næstunni sem verður mjög spennandi. Erlendis eru það verslanir eins og Selfridges í London og Printemps í París sem eru skemmtilegar. Svo fer ég alltaf í hönnunarhúsin og ímynda mér að ég sé með tíu millur í vasanum og hugsa hvaða föt ég myndi kaupa. Ég geri þetta raunverulega. Annars er alltaf gaman að kíkja í Supreme og ég get eytt miklum tíma í að róta í „vintage“ búðum erlendis. Að rekast á eitthvað „vintage“ frá Margiela, Dior eða Louis er svipuð tilfinning og þegar maður finnur 1-2 svarta óopnaða Doritos-poka inni í skáp.

**Hverjir eru uppáhalds hönnuðir þínir?** Virgil Abloh er í uppáhaldi hjá mér. Af öðrum má nefna Gosha Rubchinskiy og Stéphane Ashpool hjá Pigalle sem er geggjaður. Svo eru auðvitað Raf Simons og Rick Owens alltaf flottir.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Föt sem ég hef hannað eru kannski uppáhaldsflíkurnar mínar þótt ég gangi ekki mikið í þeim. Þeir sem þekkja mig vita að skórnir mínir eru alltaf í miklu uppáhaldi.

**Bestu og verstu kaup þín?** Þegar ég lít til baka er listinn yfir slæm kaup mjög langur. Djöfull sem maður átti mikið af ljótu dóti þegar maður var yngri. Annars keypti ég mér orginal svartan bomber-jakka í Spútnik fyrir nokkrum árum sem ég hef notað alveg endalaust.

**Notar þú fylgihluti?** Ég er mikið fyrir bakpoka og töskur auk þess sem ég nota stundum derhúfur. Ég hef hins vegar aldrei gengið með úr, armbönd eða hálsmen eins og sumir gera því mér finnst það óþægilegt.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# KONUKVÖLD Í KVÖLD

FRÁ KLUKKAN 19 - 22



# -25%

FULL BÚÐ AF
GLÆSILEGUM FATNAÐI

VIÐ HLÖKKUÐ TIL AÐ SJÁ ÞIG
LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI

COSMO
Kringlunni



**Salóme Ósk Jónsdóttir segir bláa hárið fá skemmtilega athygli frá eldri konum á hársnyrtistofunni þar sem hún er nemi. Salóme bloggar um förðun og útlit á kalon.is.** MYND/ANTON BRINK

# ÆTLAR EINHVERN TÍMA AÐ SNOÐA

**Salóme Ósk Jónsdóttir** hársnyrtinemi er óhrædd við að lita á sér hárið í afgerandi lit. Hún er ein sjö bloggara á lífsstílssíðunni Kalon.is þar sem hún gefur lita- og tilraunagleðinni lausan tauminn.

„Þetta er tímabundinn litur sem á að renna úr eftir tíu til tuttugu þvotta. Hárið á mér er reyndar alveg hvítt undir, liturinn mun því líklega sitja mjög fast. Ég hef verið með fjólubláan lit í hárinu af og til síðustu þrjú ár og nú síðast var ég með fjólubláan og bleikan. Það kom mjög vel út en sá litur sat líka mjög fast,“ segir Salóme Ósk Jónsdóttir, hársnyrtinemi og förðunarbloggari, spurð út í bláa hárið. Hún bloggar reglulega á lífsstílssíðunni Kalon.is og segist óhrædd við að leika sér með hressilegar litaúrfærslur, bæði í förðun og hárlit.

> Hár er bara hár. Í versta falli má bara raka allt af, það vex aftur. Mig langar svo sem ekkert til þess að snoða mig núna en ég veit að ég mun einhvern tímann gera það, bara til þess að prófa. Ég læt verða af því þegar ég verð alveg búin að rústa á mér hárinu.

„Hár er bara hár. Í versta falli má bara raka allt af, það vex aftur,“ segir hún. „Mig langar svo sem ekkert til þess að snoða mig núna en ég veit að ég mun einhvern tímann gera það, bara til þess að prófa. Ég læt verða af því þegar ég verð alveg búin að rústa á mér hárinu,“ bætir hún við og viðurkennir að litagleðin fari ekki vel með hárið.

„Þessi tíska hentar ekki þeim sem vilja heilbrigt hár. Aflitunin brýtur niður hárið en það er samt hægt að hugsa vel um aflitað hár svo það sé mjúkt og fallegt. Ég held mig við hárvörur sem seldar eru á stofum og ég veit að eru mjög góðar,“ segir Salóme. Hárið fær jafnan mikla athygli segir hún og sérstaklega frá eldri konum sem sækja hárgreiðslustofuna Epli þar sem Salóme er nemi. „Þær myndu kannski aldrei gera þetta sjálfar en finnst þetta mjög flott. Sem er skemmtilegt.“

Augabrúnirnar litar Salóme líka bláar en þó með lit sem hægt er að ná af í lok dags.

„Ég nota bara bláan eyeliner á augabrúnirnar, eða augnskugga sem þvæst af. Ég hafði hugsað mér að aflita á mér augabrúnirnar fyrst en hætti við. Ég held að blái liturinn hefði þá orðið of sterkur og skær í brúnunum,“ segir Salóme en á blogginu Kalon.is fær hún útrás fyrir lita- og tilraunagleðina.

„Á blogginu er ég að gera „lúkk“, og finnst skemmtilegast að mála mig eitthvað flippað og taka skemmtilegar myndir. Til að fylgjast með fer ég mikið inn á grúppuna Samfélagsmiðlaspamm á Facebook en þar eru bloggarar að pósta inn nýjar færslur. Mér finnst fínt að fylgjast með því nýjasta þar og uppgötva fleiri bloggara í stað þess að flakka milli síða. Ég veit ekki hvernig ég ætti að skilgreina minn stíl. Stundum vil ég vera með svartan varalit en stundum vil ég bara bleikt. Þetta eru öfgar í ýmsar áttir hjá mér. Reyndar geng ég langmest í svörtu en á nokkrar flíkur sem eru bleikar eða rauðar. Uppáhalds búðin er Zara en ég kíki líka í Sautján og Vila.“




50-80%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
BLACK FRIDAY
ALLA HELGINA!
Ótrúleg tilboð dagana 24-27. nóvember
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
Ljósbleikur hlýrabolur á ofurtilboði!
BOLUR ÁÐUR 1.990 NÚ 390 st. S-XXXL
Aðrir litir eru einnig fáanlegir á FRÁBÆRU tilboðs-verði eða aðeins 8.990kr
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 4.990 st. 36-56
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
Aðrir litir eru einnig fáanlegir á FRÁBÆRU tilboðs-verði eða aðeins 8.990kr
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 4.990 st. 36-56
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. 36-50
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. 36-50
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 1.990 NÚ 990 st. S-XXXL
Tilboðsverð 2.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 2.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 2.990,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 2.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314












Klædd í Dior frá toppi til táar fór leikkonan á sýningu Christian Dior á tískuvikunni í París í haust.

Í fallegum kjól með gamaldags ívafi frá Dior.

Haley sagði að sér fyndist þessi kjóll frá Ralph Lauren vera svolítið viktorískur en hún elskar allt sem hefur gamaldags útlit.

# RÍSANDI STJARNA

**Haley Bennett er sú leikkona sem fólk ætti að fylgjast með á næstunni. Hún er á góðri leið með verða sú sem umræðan snýst um. Í gær var frumsýnd enn ein myndin með Bennett í stóru hlutverki.**

Þeir sem hafa ekki heyrt um leikkonuna Haley Bennett ættu að leggja nafn hennar á minnið því hún er sú sem talin er verða næsta stórstjarna í Hollywood. Þrátt fyrir að hafa unnið í kvikmyndaborginni lengi og komið fram í fjölda mynda frá því hún birtist fyrst, þá nítján ára gömul, í myndinni Music and Lyrics með Hugh Grant árið 2007 hefur hún ekki verið áberandi fyrr en núna. Haley hefur að undanförnu vakið mikla athygli fyrir hlutverk sitt í myndunum The Girl on the Train og The Magnificent Seven og í gær var mynd Warrens Beatty, Rules Don't Apply, frumsýnd í Bandaríkjunum en þar er Haley nefnd sem ein af stjörnum myndarinnar.

Haley hefur mikinn áhuga á tísku og fylgist vel með í þeim málum. Hún hefur verið fastagestur á helstu tískusýningum undanfarinna ára og hefur aðgang að frægum hönnuðum sem aðrar stjörnur dreymir aðeins um að klæði þær.

Tískuspekúlantar leggja því til að þeir sem vilja fylgjast með tískunni fylgist með Haley Bennett, hún sé rísandi stjarna – á hraðri uppleið.



Í vínrauðum kjól frá Rodarte. Svolítið spænsk áhrif í þessum.
NORDICPHOTOS/GETTY

Á sýningu Louis Vuitton – klædd í allt frá Louis Vuitton.

Eins og drottning klædd í gylltan kjól beint af pöllunum af sýningu Valentinos.

# Sjávarútvegs-ráðstefnan 2016

24. nóvember 2016

**KYNNINGARBLAÐ**

## Mikilvægur samræðuvettvangur

Sjávarútvegsráðstefnan er stærsti árlegi vettvangur allra sem starfa í sjávarútveginum, þar sem fólk hittist, styrkir sambönd og samstarf í greininni. Sjávarútvegsráðstefnan 2016 stendur yfir í Hörpu í dag og á morgun en búist er við metþátttöku í ár.

„Sjávarútvegsráðstefnan fjallar um helstu málefni sem brenna á greininni hverju sinni,“ segir Alda Agnes Gylfadóttir, formaður stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar, en ráðstefnunni er ætlað að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. „Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu, rannsóknir og þróun. Einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn,“ upplýsir Alda.

### Stækkar ár frá ári

Sjávarútvegsráðstefnan er nú haldin í sjöunda sinn. „Fyrsta ráðstefnan var haldin á Grand Hóteli árið 2010. Hún hefur stækkað ár frá ári og vegna mikillar eftirsóknar er hún nú haldin í Hörpu í fyrsta sinn,“ segir Alda og bætir við að tæplega 800 manns hafi skráð sig á ráðstefnuna í fyrra en í ár líti út fyrir að aðsóknarmet verði slegið á ný. „Harpa býður einnig upp á möguleika fyrir þjónustufyrirtæki að vera með kynningarbása sem hefur mælst mjög vel fyrir.“



> Í ár leika málefni á borð við viðskiptabann Rússlands, Brexit, styrkingu krónunnar og hrun á Nígeríumarkaði stórt hlutverk. Einnig aukin áhersla á laxeldi, umhverfisvitund, græn skref, kolefnisfótspor, orkunotkun og orkusparnað íslenska fiskiskipaflotans.
>
> *Alda Agnes Gylfadóttir*

**Alda Agnes Gylfadóttir er formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar sem í ár verður haldin í Hörpu.** MYND/ANTON BRINK

### Fjölbreyttar málstofur

Á ráðstefnunni verða 13 málstofur og flutt verða um 70 erindi. Alda segir umræðuefnin afar fjölbreytt. „Sumt þarf að ræða á hverju ári, líkt og markaðsmálin. Þó er aldrei verið að ræða sömu málefni enda breytist markaðsumhverfið ár frá ári. Í ár leika málefni á borð við viðskiptabann Rússlands, Brexit, styrkingu krónunnar og hrun á Nígeríumarkaði stórt hlutverk. Þetta eru atriði sem ekki voru í brennidepli í fyrra,“ lýsir Alda. Af nýju umtalsefni á ráðstefnunni nefnir hún sem dæmi aukna áherslu á umhverfisvitund, græn skref, kolefnisfótspor, orkunotkun og orkusparnað íslenska fiskiskipaflotans. Þá verði laxeldi einnig ofarlega í umræðunni enda mikill vöxtur í greininni hér á landi.

### Íslenskt hugvit

Í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar eru sex manns en hver og einn situr í tvö ár í röð. Alda segir áhugasvið hvers og eins afar ólík sem endurspeglist í þeim fjölbreyttu málstofum sem í boði séu á ráðstefnunni. Sjálf er hún framkvæmdastjóri Einhamars Seafood í Grindavík og hefur mikinn áhuga á tækninýjungum í fiskvinnslu sem að hennar sögn eru mjög miklar. „Íslendingar eru mjög framarlega í heiminum þegar kemur að því að þróa tækninýjungar,“ segir Alda og nefnir sem dæmi fyrirtæki á borð við Marel, Curio, Vélfag, Völku og Skagann. „Nýjasta frystiskip flotans, Sólberg ÓF, verður tekið í notkun á næsta ári. Það verður í fyrsta sinn sem Fiskistofa heimilar að flök séu hlutuð niður úti á sjó en öll tæki og búnaður á millidekki skipsins eru íslensk hönnun og smíði.“

### Flókið ár að baki

Innt eftir stemningunni almennt innan sjávarútvegsgeirans segir Alda stöðuna flókna. „Þetta hefur að mörgu leyti verið erfitt ár. Nígeríumarkaður hrundi í byrjun árs, krónan hefur styrkst mikið sem hefur mikil áhrif á greinina líkt og Brexit og viðskiptabannið á Rússland. Menn vita síðan ekkert hvað er að fara að gerast í stjórnmálum og hvort og þá hvernig ný ríkisstjórn muni breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það er því mikil óvissa í kortunum,“ segir Alda. Því sé enn mikilvægara en áður að fólk innan geirans hittist og ræði þessi málefni og hvernig bregðast skuli við.




wisefish
sjávarútvegslausnir

Fullbúin sjávarútvegslausn í áskrift
Microsoft Dynamics NAV

Wise hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausnir í áskrift á navaskrift.is — kr. 24.900 pr. mán. án vsk.

Bjóðum einnig Office 365 í áskrift. Office 365

wise

Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is



Fjölbreyttar málstofur verða á sjávarútvegsráðstefnunni í Hörpu í dag og á morgun. MYND/ANTON BRINK

## MÁLSTOFUR Á SJÁVARÚTVEGS-RÁÐSTEFNUNNI Í HÖRPU 2016

### Fimmtudagurinn, 24. nóvember

- Íslenskur sjávarútvegur og utanríkismál
- Sala og dreifing á íslenskum fiski á HORECA
- Sögur af þróun í sjávarútvegi á Íslandi
- Tæknibreytingar við fiskveiðar og fiskleit
- Vottun og áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða
- Fullnýting í verðmætar afurðir
- Orkunotkun og orkusparnaður við veiðar og siglingu

### Föstudagurinn, 25. nóvember

- Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni - Staða - Framtíðarsýn - Stefna
- Þróun í olíuverði – ógnir og tækifæri í okkar viðskiptalöndum
- „Fiskifræði sjómannsins“ og Hafró
- Aukin verðmætasköpun í uppsjávarfiski og grænu skrefin
- Staða og tækifæri á bolfiskmörkuðum

BRIM SEAFOOD






Einar Þór Lárusson heldur erindi um fullnýtingu þorsks í nýjar afurðir. Á málstofunni verða einnig fluttir sjö örfyrirlestrar um afurðir sem orðið hafa til úr aukahráefnum. MYND/ANTON BRINK

# Fiskflakið sjálft gæti orðið að aukaafurð

Málstofa verður haldin á Sjávarútvegsráðstefnunni í Hörpu sem ber yfirskriftina fullnýting í verðmætar afurðir. Meðal fyrirlesara er **Einar Þór Lárusson** en hann fjallar um meðhöndlun á aukahráefni. Sjö örfyrirlestrar fara fram um aukaafurðir.

Einar Þór Lárusson hefur í mörg ár unnið að vöruþróun og nýsköpun í matvælaiðnaði og hlaut meðal annars nýsköpunarverðlaun Íslenska sjávarklasans í september síðastliðnum. Á málstofunni fjallar Einar um nýtingu á aukaafurðum í sjávarútvegi en síðastliðin 3 ár hefur Einar unnið verkefni á vegum Haustaks á Reykjanesi um slógnýtingu og endurnýtingu á fiskisalti. Á vef Íslenska sjávarklasans kemur fram að Einar hefur komið að fjölda verkefna fyrir saltfiskiðnaðinn á Íslandi og kom að mótun Fisktækniskólans og Codlands í Grindavík. Þar segir einnig að fjölmörg fyrirtæki og matarfrumkvöðlar innan Sjávarklasans hafi notið liðsinnis Einars við vöruþróun.

„Þetta gengur út á að fullnýta þorskinn svo engu sé hent. Við veiðum fiskinn, flökum hann og tökum af honum hausinn. Úr hausnum tökum við svo gelluna og kinnarnar eða þurrkum hausinn heilan eins og hann kemur fyrir eða söltum. Allt það sem verður eftir er hægt að nýta og búa eitthvað til úr,“ útskýrir Einar.

„Hér áður fór roðið í bræðslu og hryggurinn líka. Hins vegar er hægt að gera afurðir úr þessu öllu. Úr roðinu er til dæmis búið til kollagen og úr hryggsúlunni er hægt að búa til kalsíum-kollagenblöndu. Ég vann verkefni fyrir Þorbjörn og Vísi og Haustak þar sem við tókum slógið fyrir líka, brutum það niður og bjuggum til úr því olíu og mjöl svo ekkert varð eftir af fiskinum nema sandur og önglar.“

Einar segir mikla möguleika leynast í sjávarútvegi og að nýta megi afurðir enn meira en nú er gert. Þá verði ör þróun á næstu árum í vörum tengdum heilbrigðisgeiranum sem unnar eru úr fiskafurðum, jafnvel meiri en í matvælaiðnaði.

„Það er hægt að brjóta hráefnið enn meira niður en við höfum þegar gert og búa til dæmis til lyf sem nýtast manninum. Stærri framleiðendur hafa tæki og tól og peninga til að sinna þessu en smærri framleiðendur geta líka gert mikið. Allt er dýrt í starti en það skilar sér. Við eigum eftir að sjá það á komandi árum að fá má verðmeiri afurð út úr þeim hlutum fisksins sem við hugsum illa um í dag og þá helst einhver lækningalyf. Einhverntíma verður það svo að flakið sjálft verður í raun orðið að aukaafurð,“ segir Einar.

Á málstofunni fara einnig fram sjö örfyrirlestrar sem fjalla um afurðir sem unnar hafa verið úr aukahráefnum.

***IceProtein®, hágæða þorskprótín úr afskurði,*** Hólmfríður Sveinsdóttir
***Lækningavörur úr hliðarafurðum þorsks,*** Bjarki Stefánsson
***Markaðssetning og branding aukaafurða (framúrstefnuhugmynd)***, Hrönn M. Magnúsdóttir
***Kítósan – Fjölhæft trefjaefni úr rækjuskel,*** Hélène Liette Lauzon
***Fullvinnsla á Reykjanesi,*** Davíð Tómas Davíðsson
***Auðgun á tilbúnum fiskréttum og grænmetisréttum með Omega-3,*** Grímur Þór Gíslason
***Margildi – Ný uppspretta Omega-3 (framúrstefnuhugmynd),*** Snorri Hreggviðsson

Er fyrirtækið þitt
Ready Business?

Vodafone
Við tengjum þig

Til að skara fram úr í viðskiptaumhverfi nútímans þurfa fyrirtæki að vera lipur og vel tengd.

Til að fyrirtæki geti talist Ready Business þurfa þau að vera sveigjanleg og notast við alhliða samskiptalausnir til að ná sem bestum árangri við síbreytilegar aðstæður markaðarins. Slík fyrirtæki eru tilbúin að breyta áskorunum í tækifæri, aðlaga sig að þörfum viðskiptavina sinna og hámarka afköst starfsmanna.

Kynntu þér málið á readybusiness.vodafone.is eða hringdu í 599-9500

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson


Hafið
hefur
kennt
okkur
50
1965-2015
VÍSIR
Hafið hefur kennt okkur auðmýkt gagnvart náttúruöflunum og ábyrgðartilfinningu gagnvart lífríkinu. Hafið hefur kennt okkur að hagnýta tæknina af virðingu fyrir fiskum og mönnum.
Starfsfólk Vísis þakkar fyrir fimmtíu ára sögu og hlakkar til að standa áfram í stafni íslensks sjávarútvegs.
Visirhf.is

# MEÐ GRÆNA SAMVISKU?

## Minna kolefnisspor fyrir betri heim

Hjá Odda leggjum við metnað okkar í að framleiða vandaðar umbúðir sem koma vörunni ekki aðeins ferskri í hendur neytenda, heldur stuðla að hreinna umhverfi fyrir okkur öll á sama tíma. Í nútíma samfélagi er rík krafa á fyrirtæki að huga vandlega að umhverfismálum og því mikilvægt að geta valið umbúðir sem stuðla að minni sóun og hreinni náttúru.

Við framleiðum matvælaumbúðir, úr plasti og pappa, sem skilja eftir sig umtalsvert minna kolefnisspor en vörur frá helstu samkeppnislöndum.* Þetta er vegna þess að í okkar framleiðslu eru eingöngu notaðir endurnýjanlegir orkugjafar öfugt við innfluttar vörur sem auk þess eru fluttar um langan veg til landsins með tilheyrandi kolefnisspori.
**Veldu minna kolefnisspor - fyrir okkur öll**.



**Oddi**, pappakassar
- **477** kg $CO_2$ ígildi per tonn



**Kína**, pappakassar
- **923** kg $CO_2$ ígildi per tonn

***Skýrsla EFLU verkfræðistofu, okt. 2016**

Hvernig getum við aðstoðað þig?
Hafðu samband við viðskiptastjóra
í síma **515 5000** og kynntu þér málið.

**www.oddi.is**

ÁRNASYNIR

# Nýir krimmar frá Óðinsauga!

**Varúð. Við lestur bókanna gæti lesandinn fundið ískaldan hroll hríslast um líkamann. Leggið þá bókina frá ykkur, kveikið ljósin og læsið útidyrahurðinni. Lesið svo áfram á eigin ábyrgð ...**

Höfundarnir Hildur Sif Thorarensen og Magnús Þór Helgason þreyta hér frumraun sína í kyngimögnuðum spennusögum!













Það heyrist hvinur og allt verður svart. Ungur Íslendingur finnst látinn í Osló og rannsóknarlögreglukonunni Júlíu gengur illa að finna morðingjann. Þegar höfuðlaust lík í skógarrjóðri bætist við prísar hún sig sæla að hafa geðlækninn Alexander sér til aðstoðar. Þetta er æsispennandi sakamálasaga sem svíkur engan.

„Ég myndi fylgjast með skrifum Hildar Sifjar ef ég væri þú." - Einar Már Guðmundsson.

Sveinn er sænsk-íslenskur námsmaður sem dvelur hjá föðurfjölskyldu sinni á huggulegu sveitabýli á meðan hann stundar jarðfræðirannsóknir á Skarðsheiði. Þegar morð er framið í sveitasælunni vaknar Sveinn upp við vondan draum því fljótlega verður ljóst að hann liggur undir grun. Lögreglan sinnir starfi sínu ekki sem skyldi og Sveinn verður að afla sönnunargagna sjálfur til þess að finna morðingjann og komast hjá því að lenda á bak við lás og slá. Tekst honum það eða mun sumardvölin á Íslandi hafa afdrifaríkar afleiðingar?












María býr í Arizona í Bandaríkjunum ásamt eiginmanni og dóttur. Þau verða með Thanksgiving-hátíðarmat í kvöld. Vinkona hennar frá Íslandi er í heimsókn og fær að upplifa veisluna. Einnig íslenskur vinur sem er í doktorsnámi í Arizona. MYNDIR/EINKASAFN

# ÞAKKARGJÖRÐ Í SÓL OG HITA

**María Ólafsdóttir** býr í Scottsdale í Arizona í Bandaríkjunum ásamt eiginmanni og dóttur. Hún ætlar að elda kalkún í kvöld á Þakkargjörðarhátíðinni. María segir að Bandaríkjamenn séu í óða önn að jólaskreyta enda á allt að vera fínt á þessum degi.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Í Arizona er sól og hiti allan ársins hring enda eyðimörk. „Maður horfir á pálmatré, kaktusa og sundlaugina í garðinum út um gluggann. Það er þess vegna ekkert sértaklega jólalegt,“ segir María. „Þetta verður í fyrsta skipti sem ég elda sjálf þakkargjörðarmáltíð. Síðustu tvö ár höfum við borðað með vinum okkar, svokallað „Friendsgiving“ sem er vinsælt hjá fólki sem fer ekki til fjölskyldunnar á þessum degi. Árið þar á undan vorum við hjá tengdaforeldrum mínum í Connecticut og þar fékk ég að upplifa ekta ameríska Thanksgiving. „Ég ætla að elda kalkún í kvöld en ég hef aldrei gert það áður. Það verður spennandi að sjá hvernig það mun heppnast,“ segir hún.



Íslenskar hnallþórur leika í höndum Maríu sem útbjó þessar fyrir veisluna í fyrra. Sjálfsagt verður eitthvað svipað á borðum í kvöld.



Svo þarf auðvitað að vanda sig vel við hátíðarborðið.



Bandaríkjamenn leggja mikið upp úr glæsilegum fyllingum í kalkúninn. Þessa mynd tók María í fyrra þegar hún fór í „Friendsgiving“ í Arizona.

## Horft á boltann

Undanfarna daga hefur verið mikil örtröð í verslunum, enda fólk að kaupa kalkún og allar þær kræsingar sem fylgja. „Maðurinn minn, David Milo, er hálfur Íslendingur og hálfur Bandaríkjamaður og er vanur svakalegri kalkúnafyllingu þannig að pressan er mikil,“ segir María og hlær. „Ég ætla að vera með sætkartöflumús, waldorfsalat, maísbaunir, blómkálsgratín og sveppasósu. Svo verð ég með ekta ameríska böku, eða ég baka íslenska tertu sem er alltaf best. Stór partur af þessum degi hjá Bandaríkjamönnum er að horfa á ameríska fótboltann,“ segir hún. „Jólastemningin hefst síðan fyrir alvöru á morgun. Bandaríkjamenn eru mjög duglegir að skreyta hjá sér.“

## Svo kemur Black Friday

María segir að í Arizona búi margir Íslendingar. „Við erum 20 konur í saumaklúbbi og hittumst einu sinni í mánuði í sunnudagsbröns. Það kom mér eiginlega á óvart hversu margir landar mínir eru hér. Á morgun er síðan Black Friday en sá dagur er eiginlega rosalegur. Mörg fyrirtæki eru þegar byrjuð með Black Friday útsölur til að traffíkin dreifist. Sumar fjölskyldur borða matinn snemma á Thanksgiving og fara síðan að versla. Sjálf nenni ég ekki í troðninginn en það er hægt að gera mjög góð kaup, sérstaklega á stærri tækjum,“ segir María. „Ég finn mikið fyrir því þegar ég kem heim til Íslands hvað allt er orðið dýrt þar,“ segir María en þau hjónin ætla að halda íslensk jól að þessu sinni. „Maðurinn minn er alinn upp við íslensk/bandarísk jól, tók bæði upp pakka á aðfangadag og jóladagsmorgun. Hann fékk alltaf íslenskan jólamat ásamt þeim amerísku. Svo fékk hann líka í skóinn þannig að allir foreldrar í hverfinu og í skólanum þurftu líka að gefa sínum börnum í skóinn. Við ætlum að vera á Íslandi núna á jólunum og fá góðan mömmumat, hann er alltaf bestur.“


TRI
SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
Rolf PRIMA
WHEEL SYSTEMS
Tacx
Xenofit
drink it feel it
www.xenofit.de
ParkTool
STAGES CYCLING
SCHWALBE
Negladekkin eru komin!
WWW.TRI.IS
Cube your life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00




SEGÐU ER NÝTT FJÖLSKYLDUSPIL

# FRÁBÆR SKEMMTUN!

ÞAR SEM ÖLL FJÖLSKYLDAN LEIKUR SÉR SAMAN!

## KOMIÐ Í VERSLANIR



## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**



M.BENZ S 500 4matic long . Árgerð 2005, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290.000 Rnr.134229. Mjög vel búinn. Er á staðnum. Umboðsbíll frá Öskju uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensin. Árgerð 2010, ekinn 105 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.290.000. Rnr.133112. Er á staðnum. Bíll með öllu. Uppl 696-1001

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**bilfang.is S. 567 2000**



Kia Sportage Diesel 08/2015 ek 72 þ.km sjálfsk, flottur jeppi, verð 4.190 þús , skipti möguleg.



**GOTT VERÐ !**

Kia Picanto LX 06/2013 ek 54 þ.km beinsk verð nú 1190 þús !!!



**TÖFFARI !**

Ford F150 FX4 EX-Cab 04/2006 ek 132 þ.km, Leður, lúga, klædd skúffa ofl TOPP BÍLL ! Verð nú 1690 þús !!!

**bilfang.is S. 567 2000**



**STÓR / ÓDÝR !**

Citroen C5 16v Station 05/2006 sjálfskiptur allur yfirfarinn, gott viðhald ek 210 þ.km. Verð aðeins 590 þús !!!



**ALVÖRU DÍLL !**

Range Rover Supercharged árg 2006 (facelift) ek 231 þ.km ny vetradekk og sumardekk á felgum, hlaðinn búnaði, Allur tipp topp ! Verð 2490 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Nissan Micra Visia Árgerð 2011. Ekinn 92þ.km. Beinsk. Hiti í sætum. Er á staðnum. Tilboð 980.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 135859. Sjá á www.stora.is



Toyota Yaris Sol Árgerð 2008. Ekinn 115þ.km. Beinsk. Álfelgur. Er á staðnum. Verð 950.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 158970. Sjá á www.stora.is



Citroen C3 SX Árgerð 2006. Ekinn 108þ.km. Beinsk. Er á staðnum. Verð 580.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 159006. Sjá á www.stora.is

**STÓRA BÍLASALAN**



Nissan Almera Acenta Árgerð 2005. Ekinn 95þ.km. Sjálfsk. Er á staðnum. Verð 790.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 158941. Sjá á www.stora.is



Mazda 3 Árgerð 2008. Ekinn 153þ.km. Beinsk. Er á staðnum. Verð 990.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 158998. Sjá á www.stora.is



Jeep Cherokee Liberty DÍSEL 4x4 Árgerð 2003. Ekinn 161þ.km. Sjálfsk. Er á staðnum. Tilboð 990.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 162246. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**100 bílar bílasala .is**



Nissan E-NV200, 10/2014, ek 5 þús km, rafmagnsknúinn, klæðning í gólfi, 2 hliðarhurðar, verð 2.650 þús, er á staðnum, raðnr 152555

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Audi A5 Sportback 2,0 TDI Árg '12, ek. 98000 km, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 4 650 000 S. 841 9760



Toyota Corolla '98 módel. 5 gíra. 156km. S. 6162597



HONDA

**Civic Elegance**
Nýskráður 6/2016, ekinn 14 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 3.490.000**



TOYOTA

**Land Cruiser 150 GX 7 manna**
Nýskráður 5/2013, ekinn 139 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.250.000**



RENAULT

**Clio Comfort Disel**
Nýskráður 6/2008, ekinn 127 þús.km., dísil, 6 gírar.
**Verð kr. 890.000**



MITSUBISHI

**Colt 1.3 M/T**
Nýskráður 6/2006, ekinn 110 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 850.000**



MAZDA

**CX-3 Vision**
Nýskráður 6/2015, ekinn 20 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 2.780.000**



HYUNDAI

**I20 Classic**
Nýskráður 5/2014, ekinn 12 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.890.000**



HONDA

**HR-V Comfort**
Nýskráður 10/2016, sýningarbíll frá umboði, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.840.000**



HONDA

**HR-V**
Nýskráður 3/2005, ekinn 128 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 890.000**



HONDA

**CR-V Executive**
Nýskráður 4/2016, ekinn 17 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.150.000**



AUDI

**A4 Sedan 130 hö.**
Nýskráður 6/2004, ekinn 115 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**

## Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Opið á laugardögum**
**milli kl. 12:00 og 16:00**

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**

**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**




| REYKJAVÍK | | | | KÓPAVOGUR | HAFNARFJÖRÐUR | GARÐABÆR | REYKJANESBÆR | AKUREYRI | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugalækur 9 | Barónsstígur 4 | Miklabraut 100 | Suðurfell 4 | Hjallabrekka 2 | Fjörður 13-15 | Litlatún | Hafnargata 55 | Kaupangur | Skagabraut 43 |
| Glæsibær | Grímsbær | Kleppsvegur | Laugavegur 180 | Dalvegur 20 | Staðarberg 2-4 | | Flugstöð Leifs Eiríkss. | | |
| Austurstræti 17 | Héðinshús | Birkimelur 1 | Við Vesturlandsveg | Hagasmári 9 | Melabraut 29 | | Fitjar | | |
| Laugavegur 116 | Hjarðarhagi 47 | Bústaðavegur 20 | Borgartún 26 | | Reykjavíkurvegur 58 | | | | |
| Lágmúli 7 | Eggertsgata 24 | Grjótháls 8 | Bankastræti 11 | | | | | | |
| | | | Seljavegur 2 | | | | | | |

## Góður endir á undankeppninni



Flottum sigri fagnað Ísland bar sigurorð af Portúgal, 65-54, í síðasta leik sínum í undankeppni EM 2017 í körfubolta. Íslenska liðið endaði því í 3. sæti riðilsins en það vann tvo leiki og tapaði fjórum. Sigrún Sjöfn Ámundadóttir var atkvæðamest í íslenska liðinu í gær með 16 stig og átta fráköst. Karla- og kvennalið Íslands í körfubolta og karlalandsliðið í handbolta eru ósigruð í Laugardalshöllinni á árinu 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þessi tíðindi komu mér á óvart

Gamli landsliðsfyrirliðinn Guðni Bergsson íhugar nú að fara í framboð til formanns KSÍ. Núverandi formaður, Geir Þorsteinsson, er þó hvergi banginn og er klár í slag við Guðna fari hann fram.

**FÓTBOLTI** Það bendir margt til þess að formannsslagur verði á ársþingi KSÍ í febrúar næstkomandi. Guðni Bergsson, fyrrum landsliðsfyrirliði, íhugar nú að bjóða sig fram gegn sitjandi formanni, Geir Þorsteinssyni.

„Þessi tíðindi komu mér á óvart,“ segir Geir er hann frétti af því að Guðni væri að íhuga framboð. Formaðurinn telur sig þó vera rétta manninn í starfið. „Það eru fram undan mörg stór verkefni hjá Knattspyrnusambandinu þar sem ég tel að reynsla mín og þekking komi til með að nýtast sambandinu vel á komandi árum.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem umræða um framboð Guðna ber á góma. Hann hefur þó hingað til ekki viljað taka slaginn og er, eins og áður segir, ekki búinn að taka endanlega ákvörðun. Guðni vildi ekki gefa íþróttadeild viðtal á þessum tímapunkti og staðfesti eingöngu að hann væri að íhuga framboð.

### Mörg stór verkefni

Þó svo Guðni ákveði að bjóða sig fram þá mun það ekki verða til þess að Geir stígi til hliðar og hleypi Guðna að borðinu baráttulaust.

„Ég hafði ákveðið að bjóða mig aftur aftur fram enda er ég á kafi í stórum verkefnum eins og málefnum Laugardalsvallar. Ég hef hug á að halda áfram með þau og fá niðurstöðu í þau mál,“ segir formaðurinn. En hafði hann heyrt af því síðustu misseri að Guðni væri



Formannsslagur? Guðni Bergsson íhugar að fara gegn Geir. MYNDIR/EYÞÓR & ANTON SAMSETT MYND/VILHELM

að íhuga framboð?

„Nei. Það er alltaf einhver orðrómur samt um slíkt á lofti enda gengur Knattspyrnusambandinu frábærlega og það hefur gengið frábærlega síðustu ár. Ég er því ekkert hissa á því að menn líti til þess hýru auga.“

### Stoltur af mínu starfi

Nú er að ljúka einstöku ári í íslenskri knattspyrnusögu þar sem A-landslið karla tók í fyrsta skipti þátt í lokakeppni stórmóts og A-landslið kvenna tryggði sig inn á lokamót EM í þriðja sinn.

„Ég er gríðarlega stoltur af okkar, og mínu, starfi og er reiðubúinn til að leiða Knattspyrnusambandið áfram,“ segir Geir en hann fékk viðbrögð við væntanlegu mótframboði Guðna strax á mánudag. „Þetta vakti athygli og umræðu innan okkar hreyfingar. Ég held að það skipti miklu máli að halda áfram því góða starfi sem við höfum unnið. Að sú eining sem hefur ríkt haldi áfram og við getum haldið áfram að ná frábærum árangri.“

Þó svo vel hafi gengið hjá KSÍ þá hefur Geir oft verið gagnrýndur. Til að mynda á þessu ári fyrir að þiggja tveggja mánaða bónuslaunagreiðslur fyrir vinnu sína á EM á meðan aðrir starfsmenn KSÍ fengu einn mánuð greiddan í bónus. Formaðurinn var einnig gagnrýndur fyrir að ná ekki samningum við EA Sports svo Ísland yrði í FIFA-leiknum vinsæla.

> Ég held að það skipti miklu máli að halda áfram því góða starfi sem við höfum unnið. Að sú eining sem hefur ríkt haldi áfram.
>
> Geir Þorsteinsson
> formaður KSÍ

Á þeim tíma fór af stað umræða um hvort einhver ætlaði að bjóða sig fram gegn Geir á ársþinginu. Nafn Guðna kom fljótt upp í þeirri umræðu innan hreyfingarinnar og nú hillir undir að Guðni taki ákvörðun.

### Klár í formannsslag

Þó svo það hafi komið sitjandi formanni á óvart að hugsanlega væri von á mótframboði þá er hann alls ekkert vonsvikinn yfir því að vera hugsanlega á leiðinni í formannsslag.

„Það get ég aldrei verið. Mér finnst eðlilegt að menn horfi til þessa starfs. Þetta er starf sem örugglega margir horfa til og hefðu áhuga á að sinna. Ég er alltaf tilbúinn í kosningabaráttu,“ segir Geir en hann hefur verið formaður KSÍ frá árinu 2007. Tíu ár þar á undan var hann framkvæmdastjóri sambandsins þannig að hann er að ná 20 árum í starfi fyrir Knattspyrnusamband Íslands.

**henry@frettabladid.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, riðlakeppni**

**A-riðill**

**Arsenal - PSG 2-2**
0-1 Edinson Cavani (18.), 1-1 Olivier Giroud, víti (45+1.), 2-1 Marco Veratti, sjálfsmark (60.), 2-2 Lucas Moura (77.).

**Ludogorets - Basel 0-0**
Birkir Bjarnason var í byrjunarliði Basel.

**Staðan:** Arsenal 11, PSG 11, Basel 2, Ludogorets 2.

**B-riðill**

**Besiktas - Benfica 3-3**
0-1 Goncalo Guedes (10.), 0-2 Nélson Semedo (25.), 0-3 Ljubomir Fejsa (31.), 1-3 Cenk Tosun (58.), 2-3 Ricardo Quaresma (83.), 3-3 Vincent Aboubakar (89.).

**Napoli - Dynamo Kiev 0-0**

**Staðan:** Napoli 8, Benfica 8, Besiktas 7, Dynamo 2.

**C-riðill**

**Mönchengl. - Man. City 1-1**
1-0 Raffael (23.), 1-1 David Silva (45+1.).

**Celtic - Barcelona 0-2**
0-1 Lionel Messi (24.), 0-2 Messi, víti (55.).

**Staðan:** Barcelona 12, Man. City 8, Mönchengladbach 5, Celtic 2.

**D-riðill**

**Rostov - FC Bayern 3-2**
0-1 Douglas Costa (35.), 1-1 Sardar Azmoun (44.), 2-1 Dmitri Poloz, víti (49.), 2-2 Juan Bernat (52.), 3-2 Christian Noboa (66.).

**Atlético - PSV 2-0**
1-0 Kevin Gameiro (55.), 2-0 Antoine Griezmann (66.).

**Staðan:** Atlético 15, Bayern 9, Rostov 4, PSV 1.

**Undankeppni EM 2017**

**Ísland - Portúgal 65-54**
**Stig Íslands:** Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 16/8 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 12, Ingibjörg Jakobsdóttir 10, Ingunn Embla Kristínardóttir 8, Hallveig Jónsdóttir 7, Sandra Lind Þrastardóttir 5/7 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 5, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 2.

**Olís-deild karla**

**Haukar - Valur 34-29**
**Mörk Hauka:** Guðmundur Árni Ólafsson 11/3, Daníel Þór Ingason 8, Adam Haukur Baumruk 5, Janus Daði Smárason 4, Heimir Óli Heimisson 3, Elías Már Halldórsson 2, Þórður Rafn Guðmundsson 1.
**Varin skot:** Giedrius Morkunas 12, Grétar Ari Guðjónsson 1.

**Mörk Vals:** Josip Juric 9/4, Anton Rúnarsson 6, Heiðar Þór Aðalsteinsson 4, Sveinn Aron Sveinsson 3, Sturla Magnússon 2, Atli Már Báruson 2, Ólafur Ægir Ólafsson 2, Ýmir Örn Gíslason 1.
**Varin skot:** Sigurður Ingiberg Ólafsson 14.

## Í dag

**15.55 Zenit - Maccabi** Sport 3
**17.55 Sparta - Southampton** Sport 2
**19.05 KR - Njarðvík** Sport
**20.00 Genk - Rapid Vín** Sport 3
**20.00 Man. Utd - Feyenoord** Sport 2

**Domino's-deild karla**
**19.15 Skallagrímur - Stjarnan**
**19.15 Grindavík - Snæfell**
**19.15 KR - Njarðvík**

**Olís-deild karla**
**18.30 ÍBV - FH**
**19.15 Selfoss - Fram**

# BAUHAUS®

# Black friday

8-19 föstudaginn 25. nóvember

## Þú vilt ekki missa af svartasta degi ársins á morgun...
## Fjöldi ótrúlegra tilboða allan daginn!




RYOBI

**Bor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu, 17 hlutir**
18 V handhæg bor- og skrúfvél. Snúningsvægi 50 Nm,
2 gírar, 0–440/0–1600 snún./mín., Heavy-Duty borpatróna
13 mm, 2 stk. 2,5 Ah litíum-ion rafhlöður, hraðhleðslutæki.
Verkfærataska fylgir.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

VERÐ ÁÐUR 35.995.-

**19.995.-**

BAUHAUS

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# JÓLABÆKUR Í




30% AFSLÁTTUR

4.899KR
FULLT VERÐ ~~6.999KR~~




25% AFSLÁTTUR

13.874KR
FULLT VERÐ ~~18.499KR~~




30% AFSLÁTTUR

4.899KR
FULLT VERÐ ~~6.999KR~~




30% AFSLÁTTUR

2.296KR
FULLT VERÐ ~~3.280KR~~




4.999KR
FULLT VERÐ ~~6.999KR~~




30% AFSLÁTTUR

4.199KR
FULLT VERÐ ~~5.999KR~~




25% AFSLÁTTUR

3.149KR
FULLT VERÐ ~~4.199KR~~




4.999KR
FULLT VERÐ ~~6.999KR~~




5.499KR
FULLT VERÐ ~~6.999KR~~




30% AFSLÁTTUR

4.549KR
FULLT VERÐ ~~6.499KR~~




25% AFSLÁTTUR

4.499KR
FULLT VERÐ ~~5.999KR~~




2.799KR
FULLT VERÐ ~~3.799KR~~




25% AFSLÁTTUR

3.599KR
FULLT VERÐ ~~4.799KR~~




1.399KR
FULLT VERÐ ~~1.899KR~~

Gildir 24.-27. nóvember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.



EINFALT
að skila eða skipta

Skilamiði HAGKAUP

# MIKLU ÚRVALI

ALLIR TITLAR FÁST Í SKEIFUNNI, SMÁRALIND, KRINGLUNNI OG GARÐABÆ, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM OG Á HAGKAUP.IS

30% AFSLÁTTUR




4.899KR
FULLT VERÐ 6.999KR

25% AFSLÁTTUR




10.649KR
FULLT VERÐ 14.199KR

25% AFSLÁTTUR




4.424KR
FULLT VERÐ 5.899KR

Hildur Sif áritar í Kringlunni á laugard. kl 14-16.

25% AFSLÁTTUR




3.749KR
FULLT VERÐ 4.999KR

25% AFSLÁTTUR




4.724KR
FULLT VERÐ 6.299KR

30% AFSLÁTTUR




2.449KR
FULLT VERÐ 3.499KR




1.999KR
FULLT VERÐ 2.699KR




2.999KR
FULLT VERÐ 4.299KR




3.599KR
FULLT VERÐ 4.899KR




5.399KR
FULLT VERÐ 7.499KR




4.999KR
FULLT VERÐ 6.999KR

30% AFSLÁTTUR




3.849KR
FULLT VERÐ 5.499KR

25% AFSLÁTTUR




4.274KR
FULLT VERÐ 5.699KR

25% AFSLÁTTUR




11.999KR
FULLT VERÐ 15.999KR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Finnbogi F. Arndal**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi
sunnudaginn 20. nóvember 2016.

**Hjördís Stefánsdóttir Arndal**
**Stefán F. Arndal** **Þórdís Eiríksdóttir**
**Hreinn F. Arndal** **Ingibjörg Snorradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
elskulegs eiginmanns míns , föður
okkar, tengdaföður og afa,

**Hauks Steindórssonar**

frá Þríhyrningi í Hörgárdal.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hornbrekku fyrir einstaka
alúð, umhyggju og umönnun.

**Marta Gestsdóttir og fjölskylda.**



✝

Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Lárus Guðmundsson**

frá Landlist í Vestmannaeyjum,

lést á Kumbaravogi 24. október.
Útförin fór fram í kyrrþey.
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Magnús Engilbert Lárusson** **Edda Björk Magnúsdóttir**
**Sesselja Guðmundsdóttir**
**Árni Snævarr**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Þórólfs Ármannssonar**

frá Myrká.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**systur hins látna.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi, langafi og
langalangafi,

**Friðgeir Björgvinsson**

Orrahólum 7, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
föstudaginn 18. nóvember. Útförin fer
fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 30. nóvember
klukkan 13.

**Sigríður Árnadóttir**
**Helgi Friðgeirsson** **Margrét S. Bárðardóttir**
**Erlingur Friðgeirsson** **Guðrún Eiríksdóttir,**
**Ástríður Friðgeirsdóttir** **Pétur L. Friðgeirsson**
**Árni M. Friðgeirsson** **Björk Mýrdal**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Eiginkona, móðir, tengdamóðir
og amma,

**Sólveig Aðalbjörg Sveinsdóttir**

kennari frá Víkingavatni,

lést á heimili sínu 15. nóvember. Útför
fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn
25. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á MND-félagið.

**Ágúst H. Bjarnason**
**Hákon Ágústsson** **Þóra Kristín Bjarnadóttir**
**Björn Víkingur Ágústsson**
**Vigdís Tinna Hákonardóttir** **Sólveig Freyja Hákonardóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna andláts
og útfarar ástkærrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu
og langömmu,

**Kötlu Magnúsdóttur**

Hraunvangi 7, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Ölduhrauni 3-B,
Hrafnistu, fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Freyja Matthíasdóttir** **Þór Matthíasson**
**Edda Matthiasd. Swan** **Edward M. Swan**
**Sif Matthíasdóttir** **Jörundur Svavarsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Bergljót Sigurðardóttir**

sem lést þriðjudaginn 8. nóvember,
verður jarðsett frá Fossvogskirkju
föstudaginn 25. nóvember kl. 13.00.

**Sigurður Sigfússon**
**Kristján Sigfússon**
**og aðrir vandamenn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi

**Sigurður Þórðarson**

Fossvegi 6, Selfossi,

andaðist á Fossheimum 21. nóvember
sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Andrea Tryggvadóttir**
**Ólafía Sigurðardóttir**
**Kristján T. Sigurðsson**
**Hringur Sigurðsson**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigmundur Andrésson**

bakarameistari, Vestmannaeyjum,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Hraunbúðum 16. nóvember. Útförin fer
fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum,
laugardaginn 3. desember klukkan 13.00.

**Dóra Bergs Sigmundsdóttir** **Sigmar Magnússon**
**Bergur Magnús Sigmundsson**
**Andrés Sigmundsson**
**Óskar Sigmundsson** **Oddný Huginsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma, langamma og
langalangamma,

**Margrét Sigurjónsdóttir**
(Maggý)

til heimilis að Hraunbúðum
í Vestmannaeyjum,
(áður Brimhólabraut 5),

lést mánudaginn 21. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elías Gunnlaugsson**
**Hjördís Elíasdóttir** **Hannes Thorarensen**
**Björk Elíasdóttir** **Stefán Örn Jónsson**
**Viðar Elíasson** **Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.

## Merkisatburðir



**1582** William Shakespeare giftist Anne Hathaway í Stratford-upon-Avon.

**1670** Loðvík 14. gefur út framkvæmdaleyfi fyrir byggingu öryrkjaheimilisins Les Invalides í París.

**1848** Sérstök stjórnardeild um málefni Íslands stofnuð í fyrsta sinn innan Kansellísins í Danmörku.

**1859** Uppruni tegundanna eftir Charles Darwin kemur út.

**1951** Þátturinn Óskalög sjúklinga í umsjá Björns R. Einarssonar hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu.

**1963** Meintur morðingi Kennedys, Lee Harvey Oswald, er skotinn af Jack Ruby í Dallas í Texas.

**1965** Rjúpnaveiðimaður finnst eftir 70 klukkustunda útivist og langa leit í vonskuveðri. Flestir höfðu talið hann af.

**1972** Suðurlandsvegur frá Reykjavík til Selfoss er formlega tekinn í notkun eftir endurgerð sem tók sex ár.

**1991** Freddie Mercury, söngvari rokkhljómsveitarinnar goðsagnakenndu, Queen lést



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Kristín Jónasdóttir**

sem lést föstudaginn 18. nóvember,
verður jarðsungin frá Bústaðakirkju
mánudaginn 28. nóvember kl. 13.00.

**Erla Snorradóttir** **Guðjón Weihe**
**Sigmundur Snorrason**
**Hrafnhildur Snorradóttir** **Gísli Hauksson**
**Bára Snorradóttir** **Viðar M. Jóhannsson**
**Bryndís Snorradóttir** **Eiríkur Rafnsson**
**Ásdís Snorradóttir** **Guðlaugur Þór Böðvarsson**
**Birna Snorradóttir** **Jón Halldórsson**
**Snorri Birgir Snorrason** **Petra Dís Magnúsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Hilda Fanný Nissen**

Skúlagötu 40a,

lést þann 21. nóvember.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast
hennar er bent á Hjartavernd.

**Elísa Björk Sigurðardóttir**
**Sigríður Ósk Sigurðardóttir** **Þráinn Alfreðsson**
**Kristín Bjartmarsdóttir** **Brynjar Kristjánsson**
**Hilda Ríkharðsdóttir** **Axel Karlsson**
**Kristján Bjartur Brynjarsson**
**Tinna Bergdís Brynjarsdóttir**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag,
verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 12.30.**


GJAFAHUGMYNDIR
Í HEILSUHÚSINU!
GÓÐAR GJAFIR FYRIR
HIN ÝMSU TÆKIFÆRI!
Ómótstæðileg Ella
Bók og allt í uppskrift
Dásamleg uppskriftabók og hráefni í eina ómótstæðilega uppskrift á sérstöku tilboðsverði.
Verð: 6.981 kr.
Benecos gjafasett
Maskari, gloss og handáburður.
Verð: 4.140 kr.
Snilldar vinagjöf á flottu verði!
Biona lífrænt pasta og tvær tegundir af pestói.
Áður: 1.881 kr. Nú: 1.498 kr.
Jóladagatal – vegan, mjólkur- og glútenlaust
Bragðgott nammi og skemmtilegt fyrir alla sem vilja telja niður til jóla.
Verð: 1.119 kr.
Takmarkað magn!
Ilmolíulampar
Frábært verð – fjölbreytt úrval
Matt gler með ljósi. Verð: 9.189 kr.
Svartur og silfur. Verð: 7.589 kr.
Keramik með ljósi. Verð: 9.989 kr.
Viðaráferð. Verð: 7.189 kr.
Episilk serum
Episilk serumið inniheldur 100% hreina hyaluronic sýru sem getur dregið verulega úr öldrunareinkennum. Án allra aukaefna, mýkjandi og endurnýjandi serum fyrir húðina að innan sem utan.
Verð: 12.829 kr.
Aqua Oleum ilmkjarnaolíur
Fullkomnar á aðventunni og jólunum. Mikið úrval.
Verð frá: 1.120 kr.
HEILSUFRÉTTIR ERU KOMNAR ÚT!
NÁÐU ÞÉR Í EINTAK!
Heilsuhúsið
SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI
Heilsuhúsið
1979
LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Vaxandi sunnan- og suðvestanátt um morguninn með rigningu, 10-18 m/s um hádegi og talsverð rigning, en úrkomuminna norðaustan- og austanlands. Suðvestan 15-23 á annesjum norðan- og austanlands seint í dag. Skúrir vestan til, en annars víða rigning. Hlýnar í veðri, hiti 5 til 14 stig síðdegis.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 1° | -1° |
| 7 | 9 | 20 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | 2° | -4° |
| 4 | 5 | 9 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | -1° | -5° |
| 11 | 8 | 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 2° | -2° |
| 4 | 4 | 9 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. í röð
8. dorma
9. kvk. nafn
11. í röð
12. mega til
14. fljótt
16. skóli
17. knæpa
18. tímabil
20. pfn.
21. staðarnafn

**LÓÐRÉTT**
1. elds
3. hæð
4. ávaxtatré
5. þakbrún
7. reikningshald
10. eyrir
13. draup
15. rótartauga
16. skst.
19. tveir eins



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sápu, 6. áb, 8. sef, 9. lóa, 11. rs, 12. skulu, 14. hratt, 16. ma, 17. krá, 18. öld, 20. ég, 21. oddi.
**LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. ás, 4. perutré, 5. ufs, 7. bókhald, 10. aur, 13. lak, 15. tága, 16. möo, 19. dd.

## Skák Gunnar Björnsson

Aisenstadt átti leik gegn Margolis í Leningrad árið 1957!



**Hvítur á leik**
**1. Ha8!** Svartur gaf. **1. … Hxa8 2. Dd5+** leiðir til máts og ekki er hægt að verjast hótunum. **2. De6+ og 2. Df8+!** Héðinn Steingrímsson var efstur íslensku keppendanna á EM einstaklinga.
**www.skak.is:** Allt um heimsmeistaraeinvígið.

AÐVENTUTÓNLEIKAR
KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR




Miðaverð: 3.000 kr. í forsölu
3.500 kr. við innganginn.
Miðar fást hjá kórkonum,
í síma 896 6468 eða á netfanginu
postur@kvennakorinn.is.

Að tónleikum loknum
býður kórinn gestum upp
á léttar og jólalegar veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar.
Allir velkomnir.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SAMSUNG

# SVARTUR FÖSTUDAGUR




55" KR. 129.900,-

49" KR. 99.900,-

Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49" eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

**UE55KU6175U Verð áður: kr. 179.900.- / UE49KU6175U Verð áður: kr. 149.900.-**



KR. 13.740,-

SAMSUNG
VC08QHNJGGT
Samsung ryksuga.
850w. Litur: Jungle gray.
Verð áður: 22.900,-



2 FYRIR 1

**R1 Samsung MultiRoom**
WiFi eða Bluetooth, þráðlaus hátalari.
Verð áður kr. 34.900,- stk.

SAMSUNG



**BLU-RAY spilarar með 30% afslætti**

30% AFSL.

**Verð frá 10.493,-**



KR. 134.900,-

SAMSUNG
**Tvöfaldur Kæliskápur**
RS7567THCSP
Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél.
Verð áður: 199.900,-



KR. 89.900,-

SAMSUNG
**Kælir - frystir**
RB31FERNCSS
185 cm skápur. 208+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.
Verð áður: 129.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**

SAMSUNG SETRIÐ
**SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900**

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

## Eins og að fleyta steinum á vatni og snerta yfirborð

**Heimurinn í Íslandi og Ísland í heiminum nefnist sýning sem mannfræðingarnir Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir hafa sett upp í Þjóðminjasafninu með textum, munum og myndum. Hún verður opnuð í dag.**


Kristín og Unnur Dís voru í óðaönn að setja upp sýninguna í Bogasalnum þegar ljósmyndarann bar að. Þær eru báðar doktorar í mannfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Eins og nafn sýningarinnar ber vott um erum við að draga fram að Ísland hefur lengi verið tengt umheiminum. Í samtímanum ganga umræður oft út frá því að tengsl og flutningar milli ólíkra heimsálfa sé nýtt í sögunni. En við minnum á að þverþjóðleiki er gamalt fyrirbæri og Íslendingar, eins og aðrar þjóðir, hafa mótast út frá hugmyndafræðilegri þróun úti í hinum stóra heimi. Þeir hafa ekki verið eins einangraðir og oft er haldið fram,“ segir Kristín Loftsdóttir mannfræðingur um sýninguna Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi sem opnuð verður klukkan 15 í dag í Bogasal Þjóðminjasafnsins.

Kristín tekur fram að sýningin leitist við að bregða upp lifandi mynd af efninu. Hún samanstandi af textum, munum og myndum og meðal annars sögum einstaklinga.

Unnur Dís tekur undir það og segir hana endurspegla hvernig fólksflutningar hafi verið hluti af sögu Íslands og hvernig Íslendingar hafi verið undir áhrifum annars staðar frá, hvað varði fjölbreytileika almennt.

Dæmi eru tekin um búferlaflutninga bæði fyrr á tímum og í samtímanum. „Við fjöllum um sögu nokkurra einstaklinga sem hafa flutt til Íslands á síðasta áratug. Þeir voru beðnir um að velja muni sem tengjast upprunalandinu og þeim finnst táknrænir fyrir sínar heimaslóðir,“ útskýrir Kristín.

Þær stöllur taka fram að fyrst og fremst sé ætlun þeirra að vekja forvitni fólks og áhuga. „Við erum ekki að reyna að svara öllum spurningum sem varða fjölþjóðleika og tengsl milli þjóða heldur vonum að fólk labbi út af sýningunni og vilji vita meira,“ segir Kristín. „Þetta er eins og að fleyta steinum á vatni. Við snertum yfirborðið bara á nokkrum stöðum.“

Sá hluti sýningarinnar sem fjallar um kynþáttahugmyndir og kynþáttafordóma snýst að vissu leyti um barnabókina Negrastrákarnir og áhrif hennar. Bókin var fyrst gefin út árið 1922 í Bandaríkjunum og var þýdd á fjölda tungumála. Vel-

> **VIÐ FJÖLLUM UM SÖGU NOKKURRA EINSTAKLINGA SEM HAFA FLUTT TIL ÍSLANDS Á SÍÐASTA ÁRATUG.**

flestir Íslendingar þekkja hana með teikningum Muggs. Kristín segir bókina sýna í raun hversu þverþjóðleg hugmyndin um að mannkynið skiptist í ólíka kynþætti sé. „Kynþáttahugmyndir voru líka í námsbókum þess tíma og öðru prentuðu máli,“ bendir hún á.

Kristín er upphafsmaður að sýningunni. „Ég hef alltaf haft áhuga á að miðla niðurstöðum rannsókna á þann hátt að sem flestir geti nýtt sér þær og haft gagn og gaman af. Unnur Dís er ein af þeim sem lengi hafa rannsakað búferlaflutninga fólks milli landa. Því fékk ég hana í lið með mér. Svo drógum við inn í þetta fleiri fræðimenn,“ segir hún og bætir við: „Vonandi stuðlar þetta tiltæki okkar að aukinni umræðu í samfélaginu um þessi mál og sýnir fram á að fólksflutningar eru hluti af eðlilegu mynstri en ekki eitthvað truflandi í samtímanum.“

## Listaþjóðfundur, sannleikur eða kontór og margt fleira á RDF um helgina

Reykjavík Dance Festival er eina listahátíðin sem er ekki bundin af einu tímabili á ári heldur snýr aftur á nokkurra mánaða fresti með nýjar hugmyndir, ferskan andblæ og nýjar sýningar. Ásgerður G. Gunnarsdóttir er annar listrænna stjórnenda hátíðarinnar, ásamt Alexander Roberts. Ásgerður segir að þau hafi byrjað að fjölga útgáfu- eða hátíðardögunum árið 2014. „En núna er þetta orðið níunda útgáfan af hátíðinni síðan við ákváðum að fara þá leið að kljúfa hana svona niður í margar minni hátíðir og það hefur verið að koma mjög vel út.“

Hver hátíð innan Reykjavík Dance Festival er oft borin uppi af ákveðnu þema hverju sinni og Ásgerður segir að það sé sérstaklega skemmtilegt að þessu sinni. „Áherslan er á unglinga, bæði verk sem höfða til þeirra og þá sem þátttakendur. Þannig að í dag og á föstudaginn þá verða hérna sýningar sem höfða sérstaklega til unglinga en á laugardag verður haldinn hér listaþjóðfundur. Þar verður ungmennum boðið að koma og ræða um listina sem hreyfiafl í samfélaginu í samstarfi við reyndari listamenn á ólíkum sviðum. Það


Alexander Roberts og Ásgerður G. Gunnarsdóttir eru listrænir stjórnendur Reykjavík Dance Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verða fyrirlestrar frá Andra Snæ Magnasyni, Elínu Hansdóttur, Unnsteini Manuel og Unu Torfadóttur, femínista og aktívista. Svo bjóðum við ungmennum að tjá sínar skoðanir á því sem þarna kemur fram og vinnum svo með þetta áfram á þjóðfundi ungmenna. Unglingar sem hafa áhuga að taka þátt í listaþjóðfundinum geta sent póst á info@reykjavikdancefestival.is.“


Úr kanadísku sýningunni Dare Night, þar sem unglingar skora á áhorfendur.

Fyrsta sýningin fer fram í kvöld, er komin langt að og hefur ferðast víða. „Sýningin í kvöld heitir Dare Night og er með kanadískum hópi sem heitir Mammalian Diving Reflex. Þetta er þátttökusýning þar sem þau eru að vinna með fimmtán unglingum en sýningin er römmuð inn af hinum klassíska samkvæmisleik sannleikurinn eða kontór. En það er reyndar enginn sannleikur, bara kontór og unglingarnir hafa búið til áskoranir sem áhorfendur eiga svo að taka þátt í. Það er samt auðvitað enginn neyddur til þess gera neitt sem hann eða hún vill ekki en allt efni sýningarinnar er búið til af þessum unglingum sem hópurinn raðar inn í þessa skemmtilegu umgjörð.“

Ásgerður segir að sýningin á föstudaginn sé GRRRRLS eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og að þar sé einnig unnið með unglingum. „Hún vann þetta verk með 15 unglingsstelpum og þemað í því er samstaða kvenna í dag og hvað felst í því að vera unglingsstelpa. Í beinu framhaldi eru svo Erna Ómarsdóttir og Valdimar Jóhannsson í samstarfi við Íslenska dansflokkinn með viðburð sem heitir: Hugleiðing um menningarlega fátækt, en það er einnig verið að fjalla um þetta sama tímabil í lífi fólks. Að fjalla um það að vera unglingur og allt sem því fylgir. Þetta er hluti af stærra verki sem þau ætla að frumsýna í mars og kallast Fórn og það er skemmtilegt fyrir fólk að geta séð hvernig þetta þróast.

Við vonum að þessi verk eigi eftir að höfða til ungs fólks sem og þeirra sem eru ungir í anda. Efnistökin miða að minnsta kosti við unglingana að þessu sinni svo þetta verður örugglega skemmtileg hátíðarhelgi.“ **magnus@frettabladid.is**

# „ALGERLEGA MAGNAÐ“

Þorgeir Tryggvason / Víðsjá




★★★★

**„Margbrotinn lokakafli ... Ég er sofandi hurð er stórbrotin og djörf tilraun til að ljúka heildarverkinu með synfónískum hætti.“**

Arnaldur Máni Finnsson / DV

★★★★

**„... leiftrandi skemmtileg og fyndin á köflum, dramatísk og sorgleg ... Margradda og yfirgrips-mikil saga sem ber öll aðalsmerki höfundar síns.“**

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

**„Sjón er einn þeirra evrópsku höfunda sem ekki verður litið fram hjá.“**

El País

**„Sjón er einstakur og frumlegur höfundur.“**

A.S. Byatt



*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Nýstárleg skáldsaga á traustum grunni

BÆKUR

**Passíusálmarnir**

★★★★☆

**Einar Kárason**

**Útgefandi:** Mál og menning
**Kápuhönnun:** Alexandra Buhl / Forlagið
**Prentun:** Oddi
**Fjöldi síðna:** 211

